FRÉTTABLAÐIÐ

149. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 7. JÚLÍ 2020

Ákærður fyrir nauðgun gegn fjórum konum

Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið ákærður fyrir að hafa nauðgað fjórum konum sem hann veitti meðferð við stoðkerfisvanda. Á annan tug kvenna kærði. Þinghald í málunum er lokað.

DÓMSMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið ákærður fyrir að nauðga fjórum konum sem hann veitti líkamsmeðhöndlun vegna stoðkerfisvandamála á árunum milli 2007 til 2017.

Rannsókn málsins hófst fyrir rúmum tveimur árum en í október 2018 ræddi Fréttablaðið við Sigrúnu Jóhannsdóttur lögmann og réttargæslumann nokkurra kvenna sem höfðu lagt fram kærur á hendur manninum.

» Í skýrslum kvenna sagði að maðurinn hafi meðhöndlað stoðkerfisvanda í gegnum leggöng óháð því á hvaða svæðum líkamans þær kenndu sér meins.

Eftir umfjöllun Fréttablaðsins um málið haustið 2018 fjölgaði konunum og að sögn Sigrúnar leituðu á þriðja tug kvenna til hennar vegna meintra kynferðisbrota mannsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kærðu á annan tug kvenna manninn til lögreglu fyrir kynferðisbrot.

Mál fjögurra kvenna hafa leitt til ákæru og er maðurinn ákærður fyrir nauðgun í tilvikum þeirra allra.

Meðan á rannsókn lögreglu stóð voru dómkvaddir tveir sjúkranuddarar til að meta hvort og þá að hvaða marki háttsemi hans samræmist viðurkenndum aðferðum í nuddfræðum.

Í skýrslum nokkurra kvennanna sem sökuðu manninn um kynferðisbrot kom fram að maðurinn hafi í einhverjum tilvikum meðhöndlað stoðkerfisvanda í gegnum leggöng þeirra, óháð því á hvaða svæðum líkamans þær kenndu sér meins.

Er meðal annars deilt um gildi matsgerðar sjúkranuddaranna í málinu en verjandi ákærða mótmælti matsgerðinni meðal annars á þeim grundvelli að skjólstæðingur hans væri ekki sjúkranuddari og hafi ekki selt þjónustu sína sem sjúkranudd.

Í umfjöllun Fréttablaðsins um málið síðla árs 2018 vísaði verjandinn ásökunum á hendur skjólstæðingi sínum á bug. Hann hafi starfað við sérhæfða líkamsmeðhöndlun í einn og hálfan áratug og fengið yfir fimmtíu þúsund heimsóknir frá ánægðum viðskiptavinum á öllum aldri og af báðum kynjum.

Málið hefur þegar verið þingfest í Héraðsdómi Reykjaness. Þinghöld í málinu eru lokuð. **– aá**

Áttræður bítill boðar ást og frið

TÓNLIST Bítillinn Ringo Starr er áttræður í dag. Ringo er enn á fullri ferð þótt hann hafi þurft að gera hlé á tónleikahaldi vegna COVID-19.

Á miðnætti í kvöld hefjast á veraldarvefnum stórafmælistónleikar Ringos þar sem meðal gesta verður Paul McCartney, eini eftirlifandi félagi Ringos úr Bítlunum.

Ringo hefur lengi boðað til sérstaks viðburðar á afmælisdegi sínum og tileinkað hann baráttunni fyrir ást og friði. „En í ár vil ég að allir séu öruggir heima og hringdi því í nokkra vini til að koma þessari stóru afmælissýningu heim og saman svo við getum fagnað afmæli mínu með ykkur öllum," segir í yfirlýsingu frá Ringo. **– gar / sjá síðu 6**

Bítillinn Ringo Starr. MYND/EVA RINAL

Hryssan Esja frá Hömrum festist í skurði í Grímsnesi. Hér sjást Sigurður Ingi Bjarnason og Birta Flókadóttir í björgunaraðgerðum ásamt Didda á Bjarnastöðum á dráttarvélinni. Dagur Spói, 11 ára sonur Birtu, og frænkur hans, Salvör og Vaka, fundu Esju á kafi og gerðu viðvart. Sjá nánar á frettabladid.is MYND/DAGUR SPÓI BIRTU- OG ATLASON

L200 INTENSE
FJÓRHJÓLADRIFINN
HARÐJAXL

33" breyttur
- Sítengt fjórhjóladrif
- Hátt & lágt drif
- Sjálfskiptur
- Breytingapakki
- Dráttarbeisli
- Heithúðun á palli

Tilboðsverð 7.290.000 kr.
35" uppfærsla 1.300.000 kr.

HEKLA · Laugavegur 170 · Sími 590 5000 · hekla.is/mitsubishisalur

MITSUBISHI MOTORS
Drive your Ambition

Veður



Norðlæg eða breytileg átt 3-8 m/s. Víða bjartviðri, en skýjað fram eftir degi NA- og A-lands. Búast má við stöku síðdegisskúrum á hálendinu og SA-landi. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast sunnan heiða. SJÁ SÍÐU 14

Búast má við að byggðar verði fleiri íbúðir á þessu ári en árið á undan.

Nýjum íbúðum fjölgar í borginni

REYKJAVÍK Sé miðað við útgefin byggingarleyfi á tímabilinu janúar til júlí á þessu ári var hafin bygging 646 nýrra íbúða í Reykjavík Íbúðirnar eru flestar í fjölbýli eða 631, tíu íbúðir eru í tvíbýlishúsi og fimm einbýli. Þetta kemur fram á vef Reykjavíkurborgar.

» Heildarfjöldi íbúðareininga í höfuðborginni er 54.000 um þessar mundir.

Á árinu 2019 fóru 846 nýjar íbúðir í byggingu og má því búast við að nýbyggingar verði fleiri í ár en í fyrra. Samtals hefur bygging hafist á 5.680 nýjum íbúðum frá ársbyrjun 2015 og er það mesta uppbyggingartímabil nýrra íbúða í Reykjavík í áratugi, segir ennfremur á vef borgarinnar.

Fram kemur að árið 2018 var metár í byggingu nýrra íbúða í borginni en á því ári hófst bygging á 1.417 íbúðum í Reykjavík sé mið tekið af útgefnum byggingarleyfum. Heildarfjöldi íbúðareininga er hátt í 54.000 í borginni um þessar mundir.

Mesta samdráttarskeið í byggingu nýrra íbúða í Reykjavík var frá 2009 til 2011 en þá var hafin smíði á samtals 282 íbúðum yfir tímabilið og þar af einungis tíu íbúðum árið 2010. – **jþ**

Góðgjörðir á góðviðrisdegi

Það var brakandi þurrkur í höfuðborginni í gær, Að minnsta kosti hvað veðrið varðaði. Víða sat fólk úti og gerði vel við sig í mat og drykk þar sem því var við komið. Á Austurvelli var þétt setið og starfsfólk veitingahúsanna var í óða önn að bera veitingar út undir bert loft. Veðurstofan segir að búast megi við norðlægri eða breytilegri átt og björtu með köflum á morgun. Stöku skúr gæti fallið úr lofti síðdegis. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Allar stjórnvaldssektir verða birtar.

Birta álagningu stjórnvaldssekta

STJÓRNSÝSLA Fjármálaeftirlitsnefnd hefur ákveðið að stjórnvaldssektir vegna brota verði birtar í heild sinni á vefsíðu Seðlabanka Íslands. Þetta kemur fram á vef bankans. Þetta tekur til allra ákvarðana nefndarinnar um stjórnvaldssektir frá 1. janúar á þessu ári.

Undantekning frá þessu er ef birtingin er talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu, varði ekki markaðinn eða ef ætla má að birting hennar valdi aðilum tjóni sem telst ekki í samræmi við tilefni ákvörðunarinnar. – **jþ**

Verðlauna starfsfólkið með ferðagjafabréfum

Ein stærstu einstöku kaup á styrkjumisland.is voru um mánaðarmótin þegar Byko keypti inneign fyrir hvern starfsmann fyrirtækisins. Forstjórinn kveðst vilja umbuna fólkinu sínu fyrir þrekvirkið sem það vann í COVID-ástandinu.

SAMFÉLAG Byko gaf öllum starfsmönnum sínum, rúmlega 440 manns, gjafabréf á gististöðum um allt land í gegnum styrkjumisland.is. Eru þetta ein stærstu einstöku kaup á vefnum. Kaupin kosta fyrirtækið um sex og hálfa milljón króna en hver og einn fékk gjafabréf upp á 14.900 krónur.

Sigurður B. Pálsson, forstjóri Byko, segir að starfsmenn sínir hafi staðið sig eins og hetjur í erfiðum aðstæðum COVID-19 ástandsins og eigi allt gott skilið.

„Þetta var seinni gjöfin okkar. Fyrri kom í miðju fárinu þegar við veittum starfsmönnum inneign út að borða á veitingastaði," segir forstjórinn sem vildi þakka sínu fólki fyrir vel unnin störf.

„Það var mikið álag og stundum gríðarlegt álag í bland við ótta, en allir lögðu sig 100 prósent fram – því það var töluvert að gera. Við vildum sýna okkar þakklæti og okkur fannst gott að styrkja þá atvinnugrein sem var að koma hvað verst út úr þessu, sem voru annars vegar veitingastaðir og hins vegar ferðaþjónustan."

Katrín Magnúsdóttir, framkvæmdarstjóri Godo hugbúnaðarfyrirtækisins sem hannaði vefinn, segir að þetta séu ein stærstu einstöku kaup á styrkjumisland.is. „Þetta er með þeim stærstu. Það eru nokkrir aðilar búnir að taka svona pakka en þetta er vissulega með þeim stærstu."

Verkefnið Styrkjum Ísland er hvatning til landsmanna að ferðast innanlands. „Fyrirtæki og stofnanir hafa verið að taka svona pakka kannski í staðinn fyrir árshátíð eða eitthvað álíka. Einstaklingar hafa einnig verið duglegir að kaupa og

Um nýliðna helgi gekk tæplega fjörutíu manna hópur á Herðubreið á vegum Ferðafélags Íslands í einmuna blíðu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Það var ótti á þessum tíma líka sem framkallaði mikið álag.**
>
> Sigurður B. Pálsson, forstjóri Byko



þetta hefur gengið mjög vel," segir Katrín.

Sigurður segir að hver og einn starfsmaður hafi unnið þrekvirki enda framkvæmdagleði landans mikil eftir að landið lokaðist.

„Í mars og apríl var sölusamdráttur en álagið var engu að síður mjög mikið því það var helmingi færra starfsfólk í búðunum og takmarkanir settu ákveðnar skorður. Það var ótti á þessum tíma líka sem framkallaði mikið álag. Við settum mikið púður í sóttvarnir og gerum enn, eins og til dæmis í Leigumarkaðnum, og svo þegar þjóðin fór að sjá til lands í þessu ástandi þá fór framkvæmdagleðin að skína."

Sigurður segist ekki vera kominn með á hreint hvað verði gert næst fyrir starfsfólkið.

„Ég verð að viðurkenna að ég var gríðarlega stoltur af fólkinu mínu og ég vona að það hafi fundið það frá mér. Við tölum stundum um það, við skrifstofublækurnar, þegar við fórum á gólfið – þar stóð okkar fólk við vinnu sína og stóð sína plikt í þessum ótta, þar var þrekvirki unnið. Ekki bara hér heldur almennt í verslun og þjónustu," segir forstjórinn.

benediktboas@frettabladid.is

SUZUKI

Way of Life!

SUMAR SPRENGJA SUZUKI HELDUR ÁFRAM!

VIÐ ENDURTÖKUM LEIKINN!
ÞÚ FÆRÐ 500 ÞÚSUND
FYRIR GAMLA BÍLINN, UPP Í NÝJAN SUZUKI IGNIS

ÁSTAND OG TEGUND SKIPTIR EKKI MÁLI OG ÞÚ EKUR INN Í SUMARIÐ Á NÝJUM FJÓRHJÓLADRIFNUM SUZUKI IGNIS

4X4

SUZUKI IGNIS ER FJÓRHJÓLADRIFINN

18 sentimetrar undir lægsta punkt

VERÐ FRÁ KR. 3.080.000

Við aðstoðumþig við fjármögnun. Tilboðið gildir út júlí eða á meðan birgðir endast

Fjórhjóladrif og 18 sentimetrar undir lægsta punkt gerir Suzuki Ignis næstum óstöðvandi. Suzuki Ignis er líka ótrúlega rúmgóður og sparneytinn.

Njóttu sumarsins á nýjum Suzuki Ignis

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.
Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.
Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.
Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.
Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

SUZUKI

● Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki á Íslandi

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Hækkun gjalda Sorpu hvetji fólk og fyrirtæki til meiri flokkunar

UMHVERFISMÁL Miklir hvatar verða til að flokka úrgang heimila og fyrirtækja með nýjum gjaldskrám Sorpu sem taka eiga gildi á næsta ári. Þetta kemur fram í skjali sem lagt var fram í borgarráði í síðustu viku.

Verður farið í samráð við fyrirtæki við gerð gjaldskrárinnar og á hún að liggja fyrir í október samhliða endurskoðaðri fjárhagshagsáætlun Sorpu.

Úrgangur í gas-og jarðgerðarstöðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Borgarráð samþykkti að greiða Sorpu einn milljarð króna til viðbótar í stofnframlag til að takast á við vanda vegna ófjármagnaðra fjárfestinga félagsins. Munu rúmlega 560 milljónir falla á Reykjavíkurborg, afgangurinn á önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Hefur kostnaður vegna gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi og móttöku- og flokkunarstöðvar í Gufunesi farið langt fram úr áætlun. Ef ekki hefði verið farið í fjárhagslega endurskipulagningu hefði Sorpa orðið fjárhagslega ósjálfbær. Þá hefur Björn H. Halldórsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sorpu, stefnt Sorpu vegna uppsagnar sinnar og krefst 167 milljóna í skaðabætur.

» Mun gjaldskrá fyrir lífrænan úrgang taka mið af vinnslukostnaði í gas- og jarðgerðarstöðinni.

Í bréfi fjármálateymis Sorpu segir að hagræðingaraðgerðir hrökkvi skammt. Hækka þurfi gjaldskrá fyrirtækisins. Mun gjaldskrá fyrir lífrænan úrgang taka mið af vinnslukostnaði í gas- og jarðgerðarstöðinni og verðskrá fyrir óflokkaðan úrgang miða við að útflutningur á brennanlegum úrgangi geti staðið undir sér. **- ab**

Fangelsið er í sama húsi og embætti lögreglunnar á Norðurlandi eystra.

Loka á Akureyri

FANGELSISMÁL Ákveðið hefur verið að loka fangelsinu sem starfrækt hefur verið á Akureyri. Þar hafa átta til tíu fangar verið vistaðir að jafnaði. Þetta kemur fram á vef Stjórnarráðsins. „Fangelsið á Akureyri er minnsta rekstrareining Fangelsismálastofnunar.

» Átta til tíu fangar hafa verið vistaðir í fangelsinu á Akureyri að jafnaði.

Með lokun fangelsisins er hægt að nýta fjármuni á mun betri hátt en kostnaður við hvert fangapláss á Litla-Hrauni og á Hólmsheiði er mun lægri en á Akureyri vegna samlegðaráhrifa við önnur fangelsi," segir á vef Stjórnarráðsins.

Fimm starfsmenn eru fastráðnir í fangelsinu á Akureyri og hefur Fangelsismálastofnun lýst því yfir að þeim verði boðið starf í fangelsum ríkisins. Þá kemur einnig fram að um 75 prósent þeirra sem afplána refsivist í fangelsinu á Akureyri eru af stór-höfuðborgarsvæðinu. **– mhj**

LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu á laugardag sagði ranglega að landsréttardómarinn Aðalsteinn E. Jónasson hafi dregið umsókn sína um embætti dómara við Hæstarétt til baka. Hið rétta er að Davíð Þór og Jóhannes Sigurðsson drógu umsóknir sínar til baka.

Funda um landamæraskimun

Forsætisráðherra boðar landlækni, sóttvarnalækni og almannavarnir á fund fyrir hádegi í dag til að ræða ákvörðun Íslenskrar erfðagreiningar um að hætta þátttöku í landamæraskimun vegna COVID-19.

COVID-19 „Það hefur legið fyrir frá upphafi að Íslensk erfðagreining gæti ekki tekið að sér þetta verkefni til langs tíma," segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. Hún segir það verða að koma í ljós hvort skimunarverkefnið við landamæri landsins haldi áfram eftir að Íslensk erfðagreining boðaði í gær að fyrirtækið dragi sig út úr verkefninu.

Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, kynnti í gær á Facebook þá ákvörðun að fyrirtækið hætti að taka þátt í landamærskimun eftir næsta mánudag.

Katrín Jakobsdóttir segist vonast til þess að heilbrigðisyfirvöld geti áfram leitað í reynslu og þekkingu Íslenskrar erfðagreiningar við skimunina. Hún mun funda með landlækni, sóttvarnalækni og almannavörnum fyrir hádegi í dag til að fara yfir framhaldið.

Aðspurð hvort ekki sé óheppilegt að almannaheill velti á ákvörðunum eins einkarekins fyrirtækis segir forsætisráðherra sjálf hafa nefnt í viðtölum að um sé að ræða dæmi um hvernig samstarf opinberra aðila og einkaaðila geti reynst farsælt fyrir samfélagið. „Það náttúrulega liggur fyrir að við þurfum að byggja upp þessa þekkingu og að við getum ekki ætlast til þess að ÍE sinni þessu til eilífðar. Framlag þeirra hefur verið algerlega ómetanlegt," segir Katrín.

Hvað taki við eftir að ÍE dregur sig úr verkefninu er óljóst en Katrín segir að það verði rætt á fundinum með landlækni, sóttvarnalækni og almannavörnum. „Það liggur nú alveg fyrir að þetta muni kalla á nýja nálgun í þessu," segir hún og ítrekar þá skoðun að mikilvægt sé fyrir almannaheill að ríkið geti áfram leitað til ÍE.

„Þau auðvitað buðu sig fram í þetta en við verðum svo að byggja upp sjálfbæra lausn til lengri tíma.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Kári Stefánsson á blaðamannafundi fyrir ellefu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ég held að leiðarljósið þurfi bara að vera skýrt og um leið og það er skýrt og heilbrigðissjónarmiðin verða í forgangi þá munum við finna einhverja farsæla lausn.

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

Og það er auðvitað hugsunin á bak við það að byggja upp þessa þekkingu með miklu öflugri hætti innan landlæknisembættisins," segir hún og vísar þar í hugmynd Kára um að stofna á Íslandi Faraldsfræðistofnun undir landlæknisembættinu.

Spurð hvort til greina komi að hætta skimun við landamærin segir Katrín að leiðarljósið hafi verið heilbrigðissjónarmið. Skimun hafi reynst gríðarlega mikilvæg. „Við sjáum það auðvitað að það hafa verið að greinast tilfelli smits og það hefur þá verið unnt að bregðast við þeim með viðunandi hætti. Þannig að ég held að hver sem lendingin verður þá þurfum við áfram að hafa heilbrigðissjónarmið fyrst og fremst að leiðarljósi," segir Katrín.

Aðspurð hvort ríkið geti fengið tæki lánuð hjá ÍE til að auka afkastagetu við sýnatökur segist Katrín vænta þess að farið verði yfir þetta í dag.

„Ég veit það að allir aðilar vilja bara finna farsæla lausn fyrir almannaheill og ég hef fulla trú á að það verði," segir forsætisráðherra sem kveður menn þurfa að sjá til með hvort skimunarverkefnið gangi áfram næstu vikur. „Ég held að leiðarljósið þurfi bara að vera skýrt og um leið og það er skýrt og heilbrigðissjónarmiðin verða í forgangi þá munum við finna einhverja farsæla lausn."

FRÉTTABLAÐIÐ
Meira á frettabladid.is

ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18
Jeep

Lúxusflaug
með hvítum
hjúp
LEYFÐU ÞÉR SMÁ LÚXUS
Taktu flugið og gæddu þér á silkimjúkri
vanilluísflaug hjúpaðri hvítu eðalsúkkulaði.
Við hreinlega fáum ekki nóg af þessari.
Kjörís

Ringo Starr á níræðisaldurinn og býður á veftónleika í kvöld

TÓNLIST Trymbillinn og tónlistarmaðurinn Ringo Starr á afmæli í dag og er áttræður. Þekktastur er Ringo vitanlega fyrir að hafa verið einn fjórmenninganna í Bítlunum frá Liverpool, áhrifamestu hljómsveit fyrr og síðar.

Ringo er enn á fullri ferð í listsköpun sinni og heldur reglulega tónleika með hljómsveit sinni All Starr Band. Í dag heldur hann upp á stórafmæli sitt með því að efna

Bítlarnir breyttu heiminum með Ringo Starr við trommusettið.

til sérstakra tónleika þar sem Paul McCartney, eini eftirlifandi félagi Ringos úr Bítlunum, mun koma fram ásamt öðrum gestum. Þeirra á meðal verða Joe Walsh úr Eagles, Sheryl Crow, Elvis Costello, Gary Clark Jr., Sheila E. og Ben Harper. Tónleikana, sem hefjast á miðnætti í kvöld að íslenskum tíma, má meðal annars sjá og heyra á Youtube-rás Ringos.

Fram til þessa hefur Ringo boðað

> **Paul McCartney, eini eftirlifandi Bítillinn auk Ringos, er nú 78 ára gamall.**

til sérstaks viðburðar á afmælisdegi sínum og tileinkað hann baráttunni fyrir ást og friði. „En í ár vil ég að allir séu öruggir heima og hringdi því í nokkra vini til að koma þessari stóru afmælissýningu heim og saman svo við getum fagnað afmæli mínu með ykkur öllum," segir í yfirlýsingu frá þessum einstaka tónlistarmanni sem lýkur kveðju sinni eins og svo oft áður: „Ást og friður, Ringo."

Paul McCartney varð 78 ára í síðasta mánuði. Félagar þeirra Ringos úr Bítlunum eru löngu horfnir á braut. John Lennon var myrtur fertugur að aldri í New York árið 1980 og George Harrison lést úr krabbameini árið 2001, 58 ára gamall. **– gar**

Langt er í bóluefni gegn COVID-19.

Hjarðónæmi óraunhæft

COVID-19 Stór rannsókn á Spáni gefur til kynna að aðeins um fimm prósent þjóðarinnar hafi þróað mótefni gegn kórónaveirunni. Þetta þykir renna stoðum undir þá skoðun að ekki sé unnt að ná svokölluðu hjarðónæmi gegn COVID-19, að sögn læknavísindatímaritsins Lancet. Í þessu ljósi er sagt vera ósiðlegt að stefna að hjarðónæmi sem vörn gegn COVID-19 því slíku fylgdu óhjákvæmilega óásættanlega mörg dauðsföll.

Að sögn CNN eru enn mánuðir í að tiltækt verði bóluefni gegn kórónaveirunni þótt styttra kunni að vera í meðferðir við COVID-19 sjúkdómnum. **– gar**

Veita mánaðar umsóknarfrest

FJÖLMIÐLAR Mennta- og menningarmálaráðherra hefur undirritað reglugerð um stuðning við einkarekna fjölmiðla vegna COVID-19 faraldursins. Fjögur hundruð milljónum verður varið í stuðninginn til þeirra fjölmiðla sem sækja um og uppfylla tilgreind skilyrði. Meðal þeirra er að sótt sé um vegna kostnaðar sem til fellur við greiðslur launa til blaðamanna, ljósmyndara og ritstjóra, fjölmiðillinn sé skráður hjá fjölmiðlanefnd, birti fjölbreytt efni ætlað almenningi á Íslandi, sé ekki í vanskilum með opinber gjöld.

Í reglugerðinni kemur fram að umsóknir þurfi að hafa borist eigi síðar en 7. ágúst 2020. Jafnframt að umsóknir skulu afgreiddar fyrir 1. september næstkomandi. **– þþ**

Greinilegur samhljómur milli Norðurlanda um meginatriði

Björn Bjarnason segist hafa fundið mikinn samhljóm milli Norðurlandanna við vinnslu skýrslu um samvinnu á sviði utanríkis- og öryggismála. Hann leggur fram fjórtán tillögur að samstarfi ríkjanna sem hefur verið að aukast á þessu sviði. Meðal tillagna er aukin samvinna í stefnumörkun um loftslagsmál.

UTANRÍKISMÁL „Það má segja að áður en við settumst við skriftir höfðum við fengið nasasjón af sjónarmiðum allra ríkjanna. Það var síðan leiðarljósið í því hvernig við tókum á þessu," segir Björn Bjarnason, um skýrslu sína um norrænt samstarf á sviði utanríkis- og öryggismála.

Birni var falið af norrænu utanríkisráðherrunum að skrifa skýrsluna í sama anda og skýrsla Thorvalds Stoltenberg frá 2009 þar sem settar voru fram tillögur að nánara samstarfi Norðurlandanna á sviði utanríkis- og öryggismála.

Í skipunarbréfi Björns var honum falið að leggja áherslu á loftslagsbreytingar, fjölþáttaógnir og netöryggi auk leiða til að efla fjölþjóðasamstarf og virðingu fyrir alþjóðareglum. Skýrsla hans var gerð opinber í gær en í henni leggur Björn fram fjórtán tillögur.

Jóna Sólveig Elínardóttir, deildarstjóri alþjóðlegs öryggis- og varnarmálasamstarfs í utanríkisráðuneytinu, vann að skýrslunni með Birni. Þau áttu fundi með embættismönnum, stjórnmálamönnum og sérfræðingum í öllum norrænu höfuðborgunum og í Washington.

„Þegar maður áttaði sig á því að það er svona mikill samhljómur um mörg meginatriði var það auðveldara að móta tillögur en ef við hefðum fundið fyrir miklum ágreiningi. Frá því að Stoltenberg birti skýrslu sína 2009 hafa Norðurlöndin færst nær hvert öðru í utanríkis- og öryggismálum á mjög ákveðinn og markvissan hátt," segir Björn.

Meðal tillagnanna er aukin samvinna Norðurlandanna í stefnumörkun á sviði loftslagsmála,

Norðurlöndin reka sendiráð sín í sameiginlegu húsnæði í Berlín, höfuðborg Þýskalands. MYND/GETTY

> **Það er alveg augljóst að á Norðurlöndum ríkir sú skoðun að það eigi að nálgast norðurslóðir sem lágspennusvæði.**
>
> Björn Bjarnason

sameiginleg afstaða til Kína á norðurslóðum, sameiginlegar reglur til að tryggja lýðræði í netheimum, samstarf á sviði nýrrar tækni og varnir gegn netárásum og samstarf um utanríkisþjónustu.

„Ég vildi tengja það við Stoltenberg-skýrsluna því hún fjallaði meira um hefðbundin varnarmál heldur en þessi skýrsla mín sem fjallar um loftslagsmál, netógnir og reglubundið fjölþjóðlegt samstarf. Það endurspeglar líka það sem menn hafa áhyggjur af eða vilja fjalla um þegar rætt er um utanríkis- og öryggismál nú á tímum," segir Björn.

Spurður segir Björn áskoranirnar nú ólíkar því sem var 2009 þegar Stoltenberg-skýrslan kom út. Það eigi bæði við um hefðbundin varnarmál en einnig hafi Úkraínumálið komið upp og síðan hafi Kínverjar komið meira við sögu en áður.

„Það er alveg augljóst að á Norðurlöndunum ríkir sú skoðun að það eigi að nálgast norðurslóðir sem lágspennusvæði. Það eigi ekki að líta þannig á að hér ríki einhver háspenna í samskiptum þjóða. Hins vegar er alltaf sá tónn í öllu sem menn segja að það viti enginn hvort þetta haldi eða ekki. Hvort þetta sé óskhyggja eða eitthvað raunverulegt." **sighvatur@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ
Nánar á frettabladid.is

Segir Bretum að láta Hong Kong í friði

HONG KONG Kínverjar vara Breta við afskiptum af Hong Kong. Sendiherra þeirra í Bretlandi, Liu Xiaoming, segir boð Breta um ríkisborgararétt til handa íbúum Hong Kong vera gróf afskipti af málefnum borgarinnar. Dominic Raab, utanríkisráðherra Breta, hafnar hins vegar slíkum ásökunum að sögn BBC.

Andstæðingar nýrra laga sem þykja þrengja mikið að lýðréttindum í Hong Kong segja lögin brjóta niður þau réttindi sem íbúar Hong Kong eigi að njóta samkvæmt samkomulagi Breta og Kínverja á sínum tíma.

Liu sendiherra kveðst samkvæmt BBC vonast til þess að Bretar endurskoði boð sitt um ríkisborgararétt fyrir Hong Kong búa. „Bretland heldur áfram að koma með óábyrgar athugasemdir um málefni Hong Kong," sagði sendiherrann á ráðstefnu sem fram fór á vefnum.

Liu Xiaoming, sendiherra Kína í Bretlandi, var harðorður í gær. MYND/GETTY

Sagði hann að viðbrögð stjórnvalda í Peking kæmu í ljós þegar öll atriði málsins lægju fyrir.

Þá varaði Liu við því að ef Bretar ákveði að nýta ekki tækni frá kínverska risafyrirtækinu Huawei til að byggja upp 5G farsímanet mundi það senda „mjög slæm skilaboð til annarra kínverskra fyrirtækja", eins og sendiherrann orðaði það. **– gar**

ergomotion

Viltu hætta að hrjóta?

Frumsýnum Ergosmart snjallrúmið

ÖLL ERGOMOTION RÚM Á 20% AFSLÆTTI

ÞÚ FÆRÐ ERGOMOTION RÚM FRÁ 331.448 KR.

Ergomotion, stærsti framleiðandi stillanlegra rúma í heimi er leiðandi fyrirtæki á heimsvísu í svefntækni. **Ergomotion** kynnir nú einstakt snjallrúm. **ERGOSMART**, snjallrúm sem mælir svefninn þinn, aðstoðar þið við að ná meiri svefngæðum, hvíld í svefni og hætta að hrjóta.

Sem leiðandi fyrirtæki í svefntækni hefur **Ergomotion** fengið til liðs við sig fjöldan allan af vísindamönnum, háskólum, rannsóknar- og tæknifyrirtækjum um heim allan til þess að þróa svefntækni sína á sem fullkomnasta og bestan hátt.

Ergomotion kemur með nútímalausn að aldar gömlu vandamáli! Hvernig á að ná réttri samsetningu af þægindum, stuðningi og heilsufarslegum ávinningi í svefni. Lausnina kynnir **Ergomotion** í snjallrúminu **ERGOSMART**.

ERGOSMART hefur hlotið verðlaun í tækni- og heilsugeiranum og ber þar hæst verðlaun á **CES í Las Vegas**.

ERGOSMART snjallrúmið er með innbyggðum skynjurum og mælir hvernig þú hegðar þér í svefni. Rúmið mælir Hjartslátt, Öndun, Djúpsvefn, Hrotur, Hreyfingu, Rem svefn og gefur heildarsvefngæðum einkun.

Til að geta bætt svefn þarf að mæla hann og vita hver svefngæðin eru hverju sinni. Þá aðeins er hægt að vinna í því að auka og bæta svefngæði á hverri nóttu.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Mælum gæði svefnsins
Við þurfum öll 8 tíma svefn

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Tungan

Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Íslensk tunga á í vök að verjast. Sú vörn hefur varað lengi. Hér hefur verið landlægur ótti um árabil við að ungmenni gætu ekki lesið sér til gagns og sé ekki úr því bætt má búast við að næstu kynslóð fari enn frekar aftur í þessu efni. Tungumál internetsins er enska, tölvuleikir að jafnaði sömuleiðis, þorri sjónvarpsefnis og kvikmynda sem standa til boða jafnframt.

Í samanburði við veröldina alla er Ísland lítið land þar sem fáir búa og íslenskan því örtungumál. Þeim mun harðari baráttu þarf að há fyrir tilvist hennar og viðgangi, enda er tungumálið vagga menningarinnar, eins og sagt er á uppskrúfuðum menningarstundum.

Áður hefur á þessum stað verið vikið að því að íslenskir fjölmiðlar eigi undir högg að sækja, ekki síst eftir að kóvið lagði sína köldu hönd yfir lönd og menn.

Nýlega var frá því skýrt að 70 prósenta hlutur í Forlaginu, stærsta bókaútgefanda landsins, hefði verið seldur til sænsks fyrirtækis, Storytel. Fullyrt er að áfram muni Forlagið gefa út íslenskar bækur á íslensku þrátt fyrir þetta. Einhverjir efast.

Nú er það sjálfstætt fagnaðarefni að finnast skuli einhver utan landsteinanna sem er tilbúinn til að setja fé í íslenska bókaútgáfu. En innan forlagsins er útgáfuréttur margra dýrmætustu perla íslenskrar bókmenntasögu. Ekki er vitað betur en þar á meðal sé rétturinn að verkum Halldórs Laxness. Það er sérkennileg staðreynd að Svíar, sem færðu honum Nóbelinn, skuli nú eiga rúmlega tvo þriðju útgáfuréttar verka hans.

Rithöfundasambandið hefur áhyggjur af þessari þróun. Sagði af stjórnarfundi þess í Fréttablaðinu á laugardag þar sem ályktað var um málið. „Stjórnin óttast að tilgangur eiganda Storytel á Íslandi, Storytel AB í Svíþjóð, sé að komast nær höfundarverki íslenskra höfunda og eyða allri samkeppni á hljóðbókamarkaði.“ Jafnframt sagði í ályktuninni að höfundar og útgefendur ytra hafi borið því vitni að frelsi þeirra og menningarleg áhersla hafi beðið hnekki með eignarhaldi Storytel AB. „Slíkt vekur ugg í brjósti höfunda hér á landi, sporin ytra hræða, en reynslan ein mun leiða í ljós hvort sama öfugþróun verði hérlendis.“

En eru áhyggjur af þessu ekki bara heimóttarskapur? Er málflutningur af þessu tagi ekki bara eitthvert röfl? Nei, það er ástæða til að vera á varðbergi gagnvart þessari þróun. Nokkuð er liðið síðan prentun íslenskra bóka færðist nær öll úr landi. Og nú færist eignarhald langsamlega stærsta forlagsins út fyrir landsteinana. Eðli bókaútgáfu gæti verið að breytast úr menningu í afþreyingu. Hinn nýji eigandi er fremur tæknifyrirtæki en bókmenntafyrirtæki. Í þeim heimi gilda önnur lögmál.

Auðvitað er mönnum frjálst að fara með eigur sínar eins og þeim sýnist svo lengi sem það stríðir ekki gegn hagsmunum annarra og seljanda útgáfufélagsins er í sjálfsvald sett hvort og hverjum selt er. Það er því fremur þróunin sem ástæða er til að vera hugsi yfir.

Stjórnvöld styðja við íslenska bókaútgáfu með endurgreiðslum og lækkuðum virðisaukaskatti. Sú ívilnun rennur nú að þessu leyti úr landi.

Hinn nýji eigandi er fremur tæknifyrirtæki en bókmenntafyrirtæki. Í þeim heimi gilda önnur lögmál.

Halldór

Frá degi til dags

Persónuverndarvernd

Nýlega sagði af því að Persónuvernd hafi synjað banka um að birta myndir af keppendum á íþróttamóti sem haldið var á vegum bankans. Engu breytti þó tilkynnt væri um það fyrir fram að myndir yrðu teknar í þessu skyni. Í gær var svo sagt frá því að Persónuvernd lítist illa á einhvern útbreiddasta samkvæmisleik síðari missera, þegar fólk tók persónuleikapróf frá Íslenskri erfðagreiningu og deildi á Facebook. Spurning hvort ekki þurfi að setja nýja ríkisstofnun á fót sem verndar fólk fyrir íþyngjandi niðurstöðum Persónuverndar. Ætli sé ekki stutt í að við þurfum leyfi frá stofnuninni til að vera til?

Yo!

Kanye West ætlar að verða forseti Bandaríkjanna. Hjúkkit. Það verða ánægjuleg býtti þegar hann flytur inn í Hvíta húsið með sitt hafurtask og Trump út. Að ekki sé minnst á blessunina hana Kim. Hún á svo sannarlega skilið að hafa rúmt um sig. Það neikvæða við valdaskiptin er að þá gefst Kanye minni tími til að sinna sinni list, tónlistinni. Verst af öllu væri þó ef þeir Trump hefðu alger hlutverkaskipti. Einlægar vonir eru bundnar við að Trump leggi ekki tónlistarflutning fyrir sig. Þá væri jafnvel betra að afplána annað kjörtímabil.

Krónan hennar Kötlu

Karl Pétur Jónsson
bæjarfulltrúi Viðreisnar á Seltjarnarnesi

Við þrettán ára dóttir mín vorum að koma úr Kringlunni og sátum í bílnum á Miklubrautinni þegar hún spurði mig: „Pabbi hvort er gott eða slæmt þegar gengið á krónunni lækkar?“

Ég fæ stundum flóknar spurningar frá börnunum mínum og geri venjulega mitt besta til að svara þeim. „Þegar verðgildi krónunnar lækkar, er það gott fyrir suma, en slæmt fyrir aðra. Ef þú átt þúsund tonn af frosnum fiski sem þú ætlar að selja til útlanda er það gott, en ef þú þarft að kaupa bensín á bílinn þinn, eða vilt fara í frí til útlanda, er það slæmt.“

„Ég skil ekki þessi peningamál,“ sagði Katla þá og ég fór eftir bestu getu að útskýra fyrir henni eðli peninga sem geymslustaðar fyrir starfsorku og hvers vegna varaliturinn frá Kylie Jenner, sem hana langar svo mikið í, kostar stundum þrjú þúsund og stundum fjögur þúsund.

Fljótlega fór hún að skilja samhengið og spurði „væri ekki einfaldara fyrir okkur að vera bara með sama gjaldmiðil og önnur lönd?“. Góð spurning. Auðvitað „meikar það engan sens“ fyrir 350 þúsund manns að hafa annan gjaldmiðil en restin af heimsálfunni. Auðvitað er það bara þjónkun við hagsmuni hinna sterku í bland við einhvers konar Bjarts-í-sumarhúsum-þrjósku að halda í gjaldmiðil sem er minni en Disney-dollarinn.

Á næstu árum þurfum við Katla og aðrir Íslendingar að verja þau lífskjör sem við höfum vanist. Skapa þarf nýjar tekjur í þjóðarbúið upp á milljarð á viku. Sá milljarður verður síður til á meðan við höfum gjaldmiðil sem hamlar nýsköpun og hrekur afburðafólk af eyjunni okkar.

Ég vona allavega að þegar Katla velur sér land til að búa í, verði krónan ekki lengur eitthvað sem hún þarf að taka með í reikninginn. Og að sveiflurnar í efnahagslífinu sem hafa gert líf minnar kynslóðar óþarflega flókið og dýrt verði þannig úr sögunni.

Á næstu árum þurfum við Katla og aðrir Íslendingar að verja þau lífskjör sem við höfum vanist.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Kristjón Kormákur Guðjónsson *kristjon@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Lífeyrissjóðir stuðli að því að styrkja innviðina

Guðrún Hafsteinsdóttir
formaður Landssamtaka lífeyrissjóða

Ánægjulegt er til þess að vita að COVID-faraldurinn hefur haft umtalsvert minni áhrif á lífeyrissjóðakerfi landsmanna en óttast var. Eftir því sem næst verður komist er ávöxtun eigna flestra sjóða vel viðunandi miðað við aðstæður það sem af er ári og örugglega betri en mörg okkar þorðu að vona þegar COVID-höggið mikla reið af með þeim afleiðingum að samfélags- og efnahagskerfi veraldar nötruðu. Nærtækt er að rifja upp að lífeyrissjóðakerfið okkar stóð af sér áföll sem leiddu af bankahruninu forðum og það mun standast sviptingar vegna veirufaraldursins. Þetta eru mikil styrkleikamerki og góð tíðindi fyrir landsmenn og þá sérstaklega sjóðfélagana sem reiða sig á lífeyrissjóðina.

Lífeyrissjóðakerfi landsmanna ávaxtaði vel pund sitt á árinu 2019. Ávöxtun eigna samtryggingardeildanna var að jafnaði 11,6 prósent og munaði þar mest um gott gengi erlendra fjárfestinga. Innlendar eignir skiluðu sömuleiðis ágætri ávöxtun.

Sú saga sýnir og sannar að vel og farsællega getur farið saman að ávaxta eignir lífeyrissjóða og stuðla um leið að verðmætasköpun í atvinnulífinu með fjárfestingum.

Þetta var eitt besta ávöxtunarár í sögu lífeyrissjóðanna og engin teikn á lofti í upphafi árs um slakari afkomu 2020, hvað þá heimskreppu. En svo vorum við rækilega minnt á að lífið er hverfult. Nýjar og skyndilegar aðstæður kölluðu á að stjórnir og stjórnendur lífeyrissjóða skipulegðu varnarbaráttu til að verja eigur og réttindi sjóðfélaga og halda starfseminni yfirleitt gangandi, með skrifstofur sjóðanna lokaðar og starfsmennina vinnandi heima hjá sér! Öflugt fagfólk lífeyrissjóðanna sýndi enn og aftur hvað í því býr, í þetta sinn við erfiðari aðstæður en fæstir gátu ímyndað sér fyrir fram að skapast gætu.

Veirufaraldurinn geisar enn víða um heim. Hættan er því ekki liðin hjá á Íslandi, langt í frá. Ljóst er að við verðum áfram að gæta ýtrustu varkárni í samskiptum manna á meðal og hafa í heiðri grunnreglur um hreinlæti og sóttvarnir.

Erfitt er að hugsa til þess að nú séu tugþúsundir manna án atvinnu að hluta eða öllu leyti. Fjöldi fyrirtækja glímir við mikinn og alvarlegan rekstrarvanda. Lífeyrissjóðir og aðrar fjármálastofnanir taka þátt í aðgerðum stjórnvalda til stuðnings fólki og fyrirtækjum vegna samdráttar og tekjufalls. Það eru bráðaráðstafanir. Þegar til lengri tíma er litið skiptir langmestu máli að koma atvinnulífinu í gang á öllum sviðum. Ræsa hjólin sem stöðvuðust en hlúa líka að nýjum sprotum. Á tímum sem þessum er nauðsynlegt að horfa til framtíðar.

Stjórnvöld boða stór og mikil verkefni í uppbyggingu innviða samfélagsins, annars vegar til að skapa fólki og fyrirtækjum störf og tekjur en hins vegar til að bæta úr brýnni þörf á mörgum sviðum. Við þurfum ný og betri atvinnu- og þjónustumannvirki á samgöngusviði, í orkugeiranum og ekki síst í starfsemi sem tengist úrgangi, fráveitum, vatnsveitum og fasteignum af ýmsu tagi. Verkefnin skortir ekki.

Ráðherrar og fleiri tala um að sum verkefnanna henti vel til að vinna í samvinnu hins opinbera við til dæmis lífeyrissjóðina. Það má vel til sanns vegar færa. Ástæða er til þess að stjórnir og stjórnendur lífeyrissjóða íhugi og kanni vandlega hvort ekki geti farið saman að taka þátt í að fjármagna einstaka átaksverkefni en auðvitað á þeim forsendum að þau skili sjóðunum viðunandi ávöxtun. Hér er einkum horft til tækifæra til innviðauppbyggingar en sömuleiðis til nýsköpunar. Lífeyrissjóðir komi samt ekki að málum með því að slá af kröfum sínum og skilyrðum til fjárfestinga yfirleitt.

Er það hlutverk lífeyrissjóða að koma að því að fjármagna samfélagsinnviði, kynni nú einhver að spyrja. Já, því ekki það? Við skulum rifja upp að lífeyrissjóðir héldu aldeilis ekki að sér höndum eftir bankahrunið heldur höfðu frumkvæði að því að mynda Framtakssjóð Íslands í desember 2009 til að fjárfesta í íslensku atvinnulífi og taka þátt í uppbyggingunni þá. Þessum sjóði var beinlínis ætlað að gegna hlutverki sínu á nokkrum árum og síðan yrði hann lagður niður. Það gekk eftir.

Vegferð Framtakssjóðsins var árangursrík og merkileg. Sú saga sýnir og sannar að vel og farsællega getur farið saman að ávaxta eignir lífeyrissjóða og stuðla um leið að verðmætasköpun í atvinnulífinu með fjárfestingum.

Lífeyrissjóðir landsmanna skipta máli og hafa sýnt það í verki. Þeir eru ekki á hliðarlínunni heldur leikendur á sjálfum vellinum, virkir bæði í sókn og vörn. Þannig á það líka að vera.

Ný Siemens þvottavél á kynningarverði

- auðveldar þér lífið í hinum ströngu önnum hversdagsins.

SIEMENS

Þvottavél,
WM 14T7P9DN, iQ500

Ný 9 kg þvottavél með íslensku stjórnborði. 1400 sn./mín. Orkuflokkur A+++. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótor með 10 ára ábyrgð. Eitt kerfið heitir sensoFresh og virkar eins og þurrhreinsun. Notar hvorki vatn né sápu. Fjarlægir lykt úr viðkvæmum fatnaði. 15 mín. hraðþvottakerfi. Við hönnun vélarinnar hefur verið leitast við að gera hana mjög stöðuga og hljóðláta („antiVibration Design").

Kynningarverð:
129.900 kr.
Fullt verð: 169.900 kr.

A+++ · 9 kg Tekur mest · 15 min. Hraðkerfi · 10 ára ábyrgð á iQdrive mótornum.

Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Gildir til og með 31. júlí 2020 eða á meðan birgðir endast.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Ísak komst á blað í deildinni í gær.

Ísak heldur áfram að gera það gott

FÓTBOLTI Ísak Bergmann Jóhannesson skoraði eitt marka Norrköping og lagði upp annað þegar liðið lagði IFK Gautaborg að velli með þremur mörkum gegn einu í sjöttu umferð sænsku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu karla í gær.

Ísak Bergmann kom Norrköping yfir í leiknum en þar með skoraði hann sitt fyrsta deildarmark fyrir liðið. Þessi 17 ára gamli miðvallarleikmaður lagði svo upp mark Lars Gerson stundarfjórðungi fyrir leikslok.

Þetta var þriðja markið sem Ísak leggur upp fyrir Norrköping á leiktíðinni en hann lagði upp tvö marka liðsins í sigri gegn Östersund fyrr á leiktíðinni. Norrköping hefur 16 stig á toppi deildarinnar og hefur fimm stiga forskot á Sirius sem er í öðru sæti. **– hó**

Guðlaugur Victor þótti standa upp úr

FÓTBOLTI Guðlaugur Victor Pálsson, landsliðsmaður í knattspyrnu, varð hlutskarpastur í kjöri stuðningsmanna þýska B-deildarliðsins Darmstadt á besta leikmanni nýafstaðins keppnistímabils.

Guðlaugur Victor gekk til liðs við Darmstadt frá svissneska liðinu FC Zürich í janúar á síðasta ári og var því að leika sitt fyrsta heila tímabil með þýska liðinu.

Hann stóð sig einkar vel inni á miðsvæðinu hjá Darmstadt sem hafnaði í fimmta sæti þýsku B-deildarinnar og var í harðri baráttu um að tryggja sér sæti í efstu deild. Darmstadt var þegar upp var staðið þremur stigum frá því að komast í umspil um að leika í deild þeirra bestu næsta vetur.

Þessi 29 ára gamli leikmaður spilaði 31 af 34 leikjum liðsins en hann byrjaði alla þá leiki sem hann spilaði. Þá skoraði hann þrjú mörk fyrir liðið og gaf fimm stoðsendingar. **– hó**

Breytt nálgun við æfingar er að skila tilætluðum árangri

Guðlaug Edda Hannesdóttir hljóp á tímanum 34:57 mínútum þegar hún keppti í 10 km götuhlaupi um síðustu helgi. Það er annar besti árangur íslenskrar konu frá upphafi. Þar sem Guðlaug Edda er þekktari fyrir afrek sín í þríþraut kom það henni og öðrum þægilega á óvart á hversu góðum tíma hún hljóp.

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR „Þar sem það eru engin mót fyrirhuguð erlendis í þríþrautinni ákvað ég að skrá mig til leiks til þess að sjá hvar ég stæði hvað svona langt hlaup varðar. Það eru tvær tegundir af þríþrautum sem ég keppi í, það er sprettþraut þar sem hlaupið er fimm kílómetrar og svo lengri útgáfan þar sem hlaupnir eru 10 kílómetrar. Grunnurinn hjá mér er í sundi en ég vissi vel að ég gæti hlaupið á góðum tíma en það er auðvitað ólíku saman að jafna að hlaupa eftir hjólreiðahlutann í þríþraut eða með ferska fætur," segir Guðlaug Edda í samtali við Fréttablaðið.

„Það er mjög gaman að vita af því að ég get hlaupið á svona góðum tíma og það er líka gott að fá enn frekari staðfestingu á því að sú æfingaaðferð sem ég hef unnið eftir síðasta árið sé að skila sér. Ég skipti um þjálfara fyrir ári síðan og er með bandarískan þjálfara sem umbylti því í raun hvernig ég æfi. Nú æfi ég á fjölbreyttari hátt, undir mismiklu álagi og legg meiri áherslu á styrktaræfingar. Þær breytingar eru greinilega að skila sér," segir hún

„Þetta ár hefur verið mjög skrýtið en öll langtímamarkmið hjá mér breyttust þegar mótahaldi erlendis í þríþraut var aflýst og Ólympíuleikunum í Tókýó slegið á frest. Ég hef unnið með íþróttasálfræðingi sem hefur lagt áherslu á að setja mér smærri markmið og ég hef lært að meta í þessu erfiða ástandi hversu dýrmætt það er að geta stundað íþróttir. Það er svo kærkomið að ná jafngóðum árangri og raun bar vitni á Akureyri," segir þríþrautarkonan.

„Framundan er svo að taka þátt í mótum á Íslandsmeistararöðinni og ég er bara mjög spennt fyrir því. Það verður gaman að kynnast betur því fólki sem stundar þríþraut hér heima. Það er svo verið að setja upp dagskrá á mótahaldinu erlendis en þau mót sem eru í farvatninu munu ekki telja til stiga á heimsmótaröðinni eða til þess að komast á Ólympíuleikana. Það og óvissan með þróunina á kórónaveirunni minnkar hvatann til þess að keppa á þeim mótum. Ég býst hins vegar við því að taka þátt á Evrópumeistaramótinu sem fram fer í Eistlandi í ágúst," segir Guðlaug.

„Það spilar líka inn í að það fylgir auðvitað mótahaldi erlendis mikill kostnaður og þegar mótin færa manni ekki stig þá verður að vega og meta hvort rétt sé að fara

Guðlaug Edda Hannesdóttir kom í mark á afar góðum tíma þegar hún tók þátt í 10 kílómetra götuhlaupi á Akureyri um síðustu helgi. MYND/BIRKIR BALDVINSSON

> **Þetta ár hefur verið mjög skrýtið en öll langtímamarkmið hjá mér breyttust þegar mótahaldi erlendis var aflýst og Ólympíuleikunum í Tókýó var slegið á frest.**

út í þann kostnað. Ég hef náð að vera á núlli undanfarin ár með því að tæma sparisjóðinn minn, með aðstoð fjölskyldu, styrktaraðila sem koma að kaupum á búnaði og afrekssjóði ÍSÍ sem byrjaði að styrkja mig þegar sá möguleiki að komast á Ólympíuleikana í Tókýó varð raunhæfur.

Ég hef hins vegar rekið mig á það þegar ég hef sótt um styrki til fyrirtækja að það skiptir meira máli að hafa marga Instagram-fylgjendur en afrek mín á íþróttasviðinu. Ég skil þá afstöðu alveg þó ég myndi kjósa að afrek á íþróttasviðinu og staða mín sem fyrirmynd skipti meira máli. Við afreksíþróttamenn þurfum hins vegar bara að aðlagast þeim heimi og freista þess að ná betur til almennings í gegnum samfélagsmiðla. Við höfum reynt að gera það undanfarið í gegnum ÍSÍ og samfélagsmiðlaátakið Klefinn og vonandi skilar það sér," segir hún.

hjorvaro@frettablaidid.is

Víkingar telja öll rauðu spjöldin gegn KR hafi verið röng

FÓTBOLTI Knattspyrnudeild Víkings sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem fram kemur að félagið telji dómara í leik liðsins gegn KR hafi gert mistök í öllum þremur skiptunum þar sem leikmönnum Víkings var vísað af velli með rauðu spjalid.

„Knattspyrnudeild Víkings lýsir yfir furðu sinni með framgöngu dómara í leik KR og Víkings á laugardag og skorar á dómaranefnd KSÍ að fara rækilega yfir málin. Að sama skapi teljum við framkomu Sölva Geirs Ottesen í kjölfar rauða

Sölvi Geir og Kári fengu rautt spjald.

spjaldsins sem hann fékk í leiknum óásættanlega.

Það er ljóst að félagið verður án þriggja sterkra leikmanna á miðvikudag í leiknum gegn Val þar sem allir leikmennirnir eru á leið í leikbann. Það er skoðun okkar að dómarinn hafi gert mistök þegar hann lyfti rauða spjaldinu í öllum tilfellum. Mistök sem geta reynst félaginu ákaflega dýr," segir í yfirlýsingu Víkings.

„Ég harma framgöngu mína eftir að hafa fengið brottvísun í leik KR

> **Ég harma framgöngu mína eftir að hafa fengið brottvísun í leik KR og Víkings.**
>
> Sölvi Geir Ottesen

og Víkings síðastliðið laugardagskvöld. Í hita leiksins snarreiddist ég þar sem ég taldi mig órétti beittan eftir að leikmaður KR ýtti mér svo ég féll á annan leikmann liðsins.

Dómari leiksins mat það sem viljaverk að vinstri handleggur minn hafi lent í andliti leikmanns KR sem lá á vellinum. Ég átti hins vegar ekkert sökótt við leikmanninn, ásetningurinn var enginn og ég var aðeins að reyna að verjast falli

Þrátt fyrir öll málsatvik á leikmaður með mína reynslu, og fyrirliði Víkings, hins vegar að vita betur og viðbrögð mín í hita leiksins voru mér, liðsfélögum og Knattspyrnufélagi Víkings ekki til sóma," segir Sölvi Geir í yfirlýsingu sinni. **– hó**

Fólk

Heimili

ÞRIÐJUDAGUR 7. JÚLÍ 2020

Ingunn Embla Axelsdóttir og móðir hennar eru miklir fagurkerar eins og sjá má á draumkenndu heimilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Litagleði á sterum hjá listunnandi mæðgum

Það er engu líkara en maður sé staddur í leikmynd í anda Wes Anderson inni á heimili Ingunnar Emblu Axelsdóttur en hún býr í einstaklega litríkri, bjartri og fagurskreyttri risíbúð í Laugardalnum ásamt móður og yngri systkinum. →2

AUKIN ORKA
SKARPARI HUGSUN

Sölustaðir: apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.

Framhald af forsíðu

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is

Þegar Ingunn Embla er beðin um að lýsa sjálfri sér í stuttu máli svarar hún:

„24 ára sérvitur fagurkeri, kattaraðdáandi og mikil áhugamanneskja um liti.“ Ingunn flutti í Laugardalinn í fyrra. „Ég bjó áður í risíbúð í Bryggjuhverfinu við Grafarvog. Við móðir mín fluttum svo hingað saman í apríl 2019, ásamt tveimur yngri systkinum og kettinum Lóló.“

Elskar risíbúðir

Ljóst er að búið er að nostra við hvern krók og kima heimilisins sem einkennist af glaðlegu litavali, fallegum húsgögnum, lifandi plöntum og áhugaverðum skraut- og listmunum. Ríkuleg birtan sem baðar rýmið er töfrum líkust og í miklu uppáhaldi hjá Ingunni Emblu.

„Það sem heillar mig við þessa íbúð er hvað það er góður andi í henni. Ég elska risíbúðir þar sem ég ólst upp í einni mjög svipaðri þessari, einmitt í hinum enda götunnar. Ljósflæðið í íbúðinni er einnig mjög gott þar sem það eru gluggar allan hringinn.“

Mæðgurnar þurftu ekki að standa í miklum framkvæmdum. „Það vildi svo heppilega til að fyrrum eigendur voru nýbúnir að gera íbúðina upp afar smekklega. Við mæðgurnar ákváðum hins vegar að mála alla veggina í litum þegar við fluttum inn.“

Þó er sitthvað á döfinni. „Fyrirhugaðar framkvæmdir eru mjög smávægilegar, það er að segja að gera skemmtilega uppröðun á myndavegg í stofunni og svefnherberginu mínu.“

Stílhrein litadýrð

Litapalletta veggja heimilisins er vandlega útfærð, litirnir eru mildir, svalandi og hlýlegir á sama tíma. Það er nánast eins og heimilið sé klippt út úr tímariti, það er hugað að hverju smáatriði og munir valdir inn út frá fagurfræði og litum.

„Ég laðast mikið að skemmtilega sérkennilegum munum í björtum og djörfum litum. Mér finnst mikilvægt að hafa litagleði í kringum mig og persónulega muni. Stundum fer þetta út í ofhlaðnar öfgar, en er það ekki bara hressandi?“

Hvernig mundirðu lýsa andrúmsloftinu/stílnum á heimilinu?

„Litagleði á sterum. Þegar tvær litaglaðar mæðgur koma saman og láta ekkert stoppa sig. Mjög kvenleg orka á þessu heimili.“

Hver er uppáhaldsstaðurinn þinn í íbúðinni og hvers vegna?

Ingunn Embla unir sér vel í risíbúðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Birtan flæðir inn um gluggana. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ævintýralega fallegt barnaherbergi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Guli velúrsófinn er klárlega uppáhaldsstaðurinn í íbúðinni. Gerist ekki huggulegra en að hlamma sér í sófann eftir langan dag og horfa á eitthvað menningarlegt eins og Bachelor.“

Blaðamaður spyr Ingunni hvort hún eldi mikið og hvað þá helst. „Ég myndi ekki segja að ég eldi mikið en ef það kemur fyrir þá sérhæfi ég mig í einföldum pastaréttum að ítölskum hætti. Tómatpassata, ólífuolía, basilíka og fjall af parmesan. Gerist ekki betra.“

En uppáhaldshluturinn?

„Uppáhaldshlutirnir mínir eru tveir. Stóri ítalski postulínsblettatígurinn minn hann Barði. Ég slóst um hann í Góða hirðinum, með sigri. Einnig er handmáluði lampinn í svefnherginu mínu í miklu uppáhaldi þar sem hann er hannaður af mér og hæfileikaríku vinkonu minni Lilju Cardew.“

Ertu að safna einhverju?

„Ég er alltaf veik fyrir fallegum blómavösum. Einnig er dúkkuhausasafn okkar mæðgna orðið ansi stórt.“

Hvaða hlutur fyrir heimilið er efstur á óskalistanum?

„Efst á heimilisóskalistanum er að fjárfesta í bast-rúllugardínum fyrir alla glugga íbúðarinnar.“

Hvar sækirðu innblástur?

„Ég sæki innblástur helst af samfélagsmiðlum, og þá sérstaklega Instagram. Ég lít mikið upp til danskrar hönnunar og áhrifavalda. Hönnuðurinn Stine Goya er í miklu uppáhaldi þegar kemur að litasamsetningu og fatavali.“

Guli velúrsófinn í stofunni er í miklu uppáhaldi.

Íbúðin einkennist af birtu og marglaga smáatriðum.



Eldhúsið iðar af lífi, litum og ljósi.

Postulínshlébarðinn Barði nýtur sín í stofunni.

> Mér finnst mikilvægt að hafa litagleði í kringum mig og persónulega muni. Stundum fer þetta út í ofhlaðnar öfgar, en er það ekki bara hressandi?

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,

Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 7. JÚLÍ 2020

Einfaldlega of góður?

Þeir sem á annað borð hafa áhuga á jeppum munu eiga heitar umræður þetta sumar um hvort að ný kynslóð Defender beri áfram sæmdarheitið jeppi. Fréttablaðið prófaði nýja jeppann við fjölbreyttar aðstæður á dögunum. 6

STUÐ Í ÚTILEGUNNI

MEÐ **EXIDE AGM** RAFGEYMUM

AGM rafgeymar eru tilvaldir fyrir húsbíla, hjólhýsi, ferðavagna og aðra stöðunotkun. Hraðari hleðsla, minna viðnám í hleðslu, engin uppgufun í hleðslu og lengra úthald. Einfaldlega betri og viðhaldsfrírri stöðugeymar.

EXIDE TECHNOLOGIES

Ráðgjafar Olís og Rekstrarlands veita allar nánari upplýsingar í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is**.

olís | REKSTRARLAND

Pipar\TBWA - SÍA - 192107

Bílasýningin í Genf hefur verið ein af stærstu bílasýningum heimsins og er framtíð hennar nú í hættu.

Genf bílasýningin lokar á næsta ári

Fyrirtækið sem rekur bílasýninguna í Genf á hverju ári hefur tilkynnt að ekkert verði af sýningunni á næsta ári vegna áhrifa kórónaveirunnar. Sýningunni í ár var frestað ásamt mörgum öðrum sýningum og hefur heimsfaraldurinn sett framtíð bílasýninga í mikla hættu. „Bílageirinn er að ganga í gegnum mikla erfiðleika og sýningaraðilar þurfa tíma til að jafna sig á áhrifum faraldursins,“ segir í yfirlýsingu frá Salon International de l'Automobile sem skipuleggur sýninguna í Genf. Í könnun sem send var út til framleiðenda sögðu flestir að þeir mundu að öllum líkindum ekki taka þátt í sýningu á næsta ári. Þess í stað hafa bílaframleiðendur frumsýnt bíla sína með öðrum hætti, eins og í gegnum netið. Á mánudaginn tilkynnti sýningaraðilinn að eignir sýningarinnar verði seldar Palexpo sem rekur sýningarhallirnar. Genf bílasýningin hefur verið stærsti viðburðurinn í Sviss ár hvert og skapar um 30 milljarða króna í tekjur á hverju ári.

Bann brunahreyfla frá 2032?

Nefnd um hnattræna hlýnun í Bretlandi hefur lagt til að færa ætti bann á bílum með brunahreyflum fram til 2032 hið minnsta. Áður hafa aðgerðir miðað við 2035, en til viðbótar við það leggur nefndin til að bannið nái einnig til mótorhjólavéla. Miðað við tillögurnar verða tvinnbílar einnig bannaðir sem og allir sendibílar sem ganga fyrir bensíni eða dísilolíu. Til viðbótar við þessar tillögur leggur nefndin til að vegatollum verði breytt á þann veg að bílar sem losa ekki CO2 fái frekari ívilnanir. Endurskoðaðir skattar á fyrirtækjabíla auk styrkja til kaupa á bílum sem menga minna hvetja kaupendur til að skoða frekar bíla með lágt hlutfall kolefnis í útblæstri. Fyrstu tillögur miðuðust við 2040 og þóttu metnaðarfullar en þessar tillögur eru líklegar til að hafa áhrif á framleiðendur.

MG E-Motion-hugmyndabíllinn var fyrst frumsýndur á bílasýningunni í Shanghai árið 2017.

Rafdrifinn MG sportbíll á næsta ári

Nýtt bílamerki á Íslandi sem stækkar strax á næsta ári með fleiri gerðum. Sportbíllinn E-Motion á teikniborðinu.

MG bílamerkið er nýkomið til landsins og fyrsti bíllinn í merkinu hefur verið kynntur á Sævarhöfðanum. Samtímis berast fréttir af því erlendis frá að MG sé á leiðinni með rafdrifinn sportbíl á markað í Evrópu árið 2021. Útlínumyndir af bílnum í einkaleyfisumsókn voru sýndar í tímaritinu Autocar og samkvæmt þeim er hann talsvert byggður á E-Motion hugmyndabílnum sem frumsýndur var árið 2017.

Bíllinn hefur breyst aðeins síðan hann var sýndur í Shanghai fyrir þremur árum síðan. Framendinn er líkari Aston Martin og afturljósin eru talsvert breytt líka. Lítið er vitað um hvað leynist undir yfirborðinu en hugmyndabíllinn var með vængjahurðir og fjögur sæti. Heyrst hefur að rafmótorinn sé hannaður hjá framleiðendanum og að bíllinn sé innan við fjórar sekúndur í hundraðið. Drægi bílsins mun samkvæmt sömu upplýsingum vera um 500 km. Sportbíll eins og þessi er talsvert frá þeirri línu sem MG býður upp á í dag, sem er meira í vinsælli gerðum bíla eins og jepplinga og smábíla. Maður getur ekki annað en leitt hugann að því hvort að einfaldari rafdrifinn sportbíll, jafnvel í gamla stílnum væri einmitt það sem MG merkið ætti að bjóða upp á.

Að sögn Lofts Ágústssonar markaðsstjóra BL koma fleiri nýjar gerðir af MG strax á næsta ári. „SAIC, sem er eigandi merkisins, hafði samband við okkur að fyrra bragði og fulltrúar okkar fóru út til Amsterdam, þar sem höfuðstöðvarnar eru. Það sem vakti athygli okkar var hve uppsetningin á sölunetinu var einföld og markviss. Þeir leggja áherslu á að hafa alla jafna bíla til afgreiðslu af lager frá Rotterdam sem við getum leitað í allt niður í tvær vikur. Þeir eru með þessar tvær gerðir sem eru bara með fastan fyrirfram valinn búnað. Þeir eru líka vel útbúnir og litirnir eru einungis fimm.“ Að sögn Lofts hefur MG merkið fengið góðar viðtökur í Noregi en þar hófst sala á þeim í byrjun árs. Þar hafa selst vel yfir 500 bílar. Auk MG ZS selur merkið smábílinn MG3 og stærri jeppling sem kallast HS, auk sportbílsins sem væntanlegur er á næsta ári.



Á teikningunni má sjá breytingar sem gera hann líkari Aston Martin í útliti.

» Drægi MG E-Motion mun vera um 500 kílómetrar og hann er innan við fjórar sekúndur í hundraðið.

Suzuki A-Cross kemur í haust

Suzuki er að fá nýjan bíl á markað sem kallast A-Cross og er afrakstur samstarfs merksins við Toyota. Bíllinn sem um ræðir er nokkurs konar klón af hinum vinsæla Toyota RAV4, tengiltvinnbílnum sem væntanlegur er í lok ársins. Að sögn Ólafs J. Kolbeinssonar, sölustjóra Suzuki verður nýr A-Cross kynntur hér með haustinu.

Bíllinn er búinn sömu 2,5 lítra bensínvél og RAV4 ásamt CVT sjálfskiptingunni og skilar hún 183 hestöflum. Að framan er 180 hestafla rafmótor fyrir framdrifið og að aftan 54 hestafla mótor fyrir afturdrifið. Suzuki hefur ekki gefið upp samanlagt afl en RAV4 PHEV skilar samanlagt 302 hestöflum og búast má við sömu tölu frá A-Cross. Undir bílnum er 18,1 kWst rafhlaða sem á að skila allt að 75 km drægi á rafmagninu einu saman. CO2 gildi bílsins er aðeins 22 grömm á kílómeter svo að aðflutningsgjöld verða lág, en ekki er búið að tilkynna verð á bílnum þegar hann kemur.

Marg í ytra útlit Suzuki A-Cross er mjög svipað og Toyota RAV4 eins og til dæmis hliðarsvipur hans, en ljósin eru öðruvísi og grillið er stærra.

Að innan er bíllinn nánast eins og RAV4 og þá einnig í búnaði og með sama níu tommu snertiskjánum efst í miðjustokki.

Um vel búinn bíl verður að ræða í Suzuki A-Cross. Má þar meðal annars nefna 9 tommu snertiskjá með Apple CarPlay og Android Auto. Fjórhjóladrifið með rafmótorunum verður fullkomið að gerð og getur dreift aflhlutföllum frá 100:00 yfir í 20:80. Hann verður með svokölluðu Trail Mode sem á að hjálpa honum við erfiðari aðstæður, til dæmis í hálku en þá notar bíllinn bæði ABS bremsukerfið og rafmótorana til að senda aflið þangað sem þess er þörf. Meðal annars búnaðar má nefna umferðamerkjalesara, skynvæddan hraðastilli, árekstrarvörn og veglínuskynjara.

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Útlit Ineos Grenadier er að mörgu leyti líkt gamla Defender-jeppanum en einnig má sjá svip frá G-línu Benz.

Ineos Grenadier fram á sjónarsviðið

Um leið og við fáum nýjan Defender á göturnar berast fréttir af því að Íslandsvinurinn Sir Jim Radcliffe sé búinn að frumsýna Ineos Grenadier, jeppann sem byggður er á gamla Defender-jeppanum. Komin eru þrjú ár síðan Radcliffe ákvað að kaupa verksmiðju í Suður-Wales og bjóða áfram upp á alvöru jeppa frá Bretlandi.

Ineos er í samstarfi við Magna um hönnun og framleiðslu Grenadier, en Magna smíðar meðal annars G-línuna fyrir Mercedes og I-Pace fyrir Jagúar. Vélarnar verða sex strokka, bæði dísil- og bensínvélar og koma frá BMW en sjálfskiptingarnar frá ZF.

Þótt búið sé að frumsýna bílinn mun hann ekki koma í sölu fyrr en 2022. Framundan eru prófanir á nýja bílnum en að sögn hönnuða Ineos verða eknir tvær milljónir kílómetra við alls konar aðstæður til að prófa bílinn. Kannski munum við sjá Radcliffe á slíkum bíl hér á Íslandi, hver veit?

Farangursrýmið á að taka eina Euro-pallettu, hvorki meira né minna.

» Vélarnar í Ineos Grenadier verða sex strokka bensín- og dísilvélar frá BMW en sjálfskiptingin kemur frá ZF.

Grenadier er mjög líkur gamla Defender-jeppanum í útliti en er mjög svipaður G-línu Mercedes í stærðum. Hann verður rúmgóður og þar sem afturhleri er tvískiptur verður hægt að koma fyrir einni Europallettu í farangursrýminu. Ekki er búið að sýna innanrými bílsins en að sögn hönnuða verður það mjög nýtískulegt og tæknilega fullkomið. Búast má við að billinn kosti yfir 8 milljónum króna í Bretlandi í grunninn. Þegar hefur verið tilkynnt að von sé á pallbílsútgáfu og einnig er verið að þróa vetnisknúna rafútgáfu.

Porsche kynnir afturhjóladrifinn Taycan fyrir Kínamarkað

Porsche hefur frumsýnt grunnútgáfu af Taycan rafmagnsbílnum fyrir Kínamarkað en sú útgáfa verður aðeins með afturhjóladrifi.

Sá bíll verður þó enginn kettlingur með 469 hestafla rafmótor sem kemur honum í hundraðið á 5,4 sekúndum. Hægt verður að velja tvær gerðir rafhlaða í bílinn, og er það annars vegar 79,2 kWst með 414 km drægi og hins vegar 93,4 kWst með 490 km drægi. Billinn verður minna búinn með 19 tommu felgum og minni bremsum auk þess sem að hann verður án loftpúðafjöðrunarinnar, sem þó verður hægt að fá sem aukabúnað.

Taycan fyrir Kínamarkað er aðeins með afturdrifi en rafmótorinn þar skilar 469 hestöflum.

» Hægt verður að velja um tvær rafhlöður með 414 eða 490 km drægi.

Þótt þessi útgáfa hafi aðeins verið kynnt fyrir Kínamarkað má sannarlega búast við að Evrópumarkaður kalli eftir henni mjög fljótlega og að hún verði kynnt þar seinna á árinu.

Allir rafbílarnir frá MG seldust upp hjá BL

Allir rafbílarnir MG ZS EV, sem umboðsaðilinn BL fær í fyrstu sendingu til landsins í næstu viku, seldust á frumsýningardaginn sem haldinn var í lok júní. Að sögn Hlyns Hjartarsonar, vörumerkjastjóra MG hjá BL, var heimsókn gesta jöfn og góð á sýningardaginn og margir sem prófuðu reynsluakstursbílana á staðnum. „Frumsýningin var mjög skemmtileg því gestir voru mjög áhugasamir um að skoða bílana í þaula, opna og loka hurðum, skoða undir húddið og setjast inn, ekki síst í aftursætin áður en farið var í bíltúr á reynsluakstursbíl. Miðað við okkar skráningar prófuðu rúmlega 40 manns rafbílinn frá MG á sýningardaginn þótt margir væru líka að skoða aðra kosti í salnum," segir Hlynur.

Flestir völdu dýrari útgáfuna

Að sögn Hlyns seldist dýrari útgáfa bílsins, Luxury, talsvert hraðar en grunnútgáfan Comfort þótt hún hefði einnig klárast. „Ég tel að skýringin sé aðallega sú að kaupendum finnst hlutfallslega betri kaup í Luxury miðað við verð því búnaðurinn er meiri í honum. Þú færð líklega aðeins meira fyrir peninginn. En almennt þá var líka greinilegt að stuttur afgreiðslutími skipti talsverðu máli. MG er með lager í Rotterdam og þaðan getum við fengið bíla með skömmum fyrirvara, allt niður í á tveimur vikum frá því að við pöntum nýjar sendingar," segir Hlynur. Framleiðandinn leggur áherslu á staðlaðan búnað í þessum tveimur útgáfum MG ZS EV og einungis fimm mismunandi liti, í því skyni að geta boðið viðskiptavinum sem samkeppnishæfast verð. „Svarti liturinn seldist hraðast að þessu sinni þótt hinir færu líka, þannig að við munum bara passa að hafa meira af þeim svarta í næstu sendingu sem kemur til landsins um mánaðamótin næstu."

Rafbíllinn MG ZS EV er uppseldur en von á sendingu um næstu mánaðamót.

Framendinn er nýstárlegur með endurhönnuðu útliti og ljósum sem setja sérstakan svip á bílinn. Augljóst er að hann er hærri á fjöðrun sem verður vökvastýrð.

Citroen C4 breytist úr hlaðbak í jeppling

Vinsældir svokallaðra hlaðbaka hafa dvínað að undanförnu og er það helst vegna mikils úrvals jepplinga í svipuðum stærðarflokki. Því er ekki skrýtið að Citroen skuli snúa við blaðinu og kynna hlaðbakinn C4, nú í jepplingsútgáfu.

„Hókus pókus, ég breyti þér í jeppling," gætu hönnuðir Citroen hafa sagt. Búið er að frumsýna nýjan og endurhannaðan Citroen C4 í öllum sínum útgáfum. Verða bæði dísil- og bensínvélar í boði ásamt rafútgáfu sem fær nafnið e-C4.

Þar sem markaður fyrir hlaðbaka hefur farið minnkandi valdi Citroen þá leið að breyta útliti hans í meira jepplinglag. Þannig keppir hann frekar við Ford Focus Active til að mynda. Bíllinn er nokkuð breyttur útlitslega og greinilegt að hönnunin kemur frá C5 Aircross en einnig 19_19 tilraunabílnum. Sést það best á hönnun fram- og afturljósanna. Eini munurinn á rafútgáfunni verða bláar merkingar fyrir e-C4 merkið.

Stærð hins nýja Citroen C4 er 4.360 mm á lengd, 1.800 mm á breidd og 1.525 mm á hæð sem er talsvert stærri en VW Golf sem var hans aðalkeppinautur. Að innan má sjá endurhannað mælaborð með nýjum 10 tommu upplýsingaskjá og miðjustokki. Að sögn Citroen verða 16 hólf víðsvegar í bílnum með auka 39 lítra plássi. Bensínútgáfur verða með 1,2 lítra þriggjastrokka vél sem skilar 99, 128 eða 153 hestöflum. Aðeins ein útgáfa dísilvélar mun skila 101 hestafli. Í boði verða sexgíra beinskipting og áttaþrepa sjálfskipting. Rafútgáfan verður með 50 kWst rafhlöðu og 135 hestafla rafmótor fyrir framdrifið. Upptakið í 100 km hraða verður 9,7 sekúndur og drægið 350 km. Fjöðrunin verður eitt af aðalsmerkjum bílsins en hún er vökvafjöðrun fyrir bæði þjöppu og endurslag og á að minnka hreyfingu yfirbyggingar talsvert yfir ójöfnur. Sala á nýjum Citroen C4 hefst í janúar í Evrópu en ekki hefur verið tilkynnt hvenær bíllinn er væntanlegur hingað til lands.

Nýjar myndir af Golf R

Njósnarar Auto Express tímaritsins náðu nýlega að festa á filmu væntanlegan VW Golf R án nokkurs dulbúnaðar. Myndirnar sýna nokkrar breytingar frá hefðbundnum Golf Mk8 þó þær séu ekki eins afgerandi og búast mátti við. Framstuðari er endurhannaður og bíllinn situr mun lægra á fjöðrun en hefðbundinn Golf. Afturendi er meira breyttur með fjórum stórum púststútum og áberandi loftdreifara undir bílnum. Einnig er komin áberandi vindskeið fyrir ofan afturgluggann. Framljósin verða díóðuljós með Matrix tækni. Þótt vélin sé sama tveggja lítra vél og í Golf GTI, verður hún tjúnuð fyrir mun meira afl. Samkvæmt innanbúðarskjölum sem láku frá hönnunardeild Volkswagen verður vélin 328 hestöfl sem er 32 hestöflum meira en í fyrri kynslóð. Þannig mun hann geta velgt bílum eins og Honda Civic Type-R undir uggum enda upptakið aðeins 4,5 sekúndur í hundraðið. Bíllinn verður líklega frumsýndur seinna á árinu en fer ekki í sölu fyrr en 2021.

Framendinn er ekki mikið breyttur fyrir utan endurhannaðan stuðara.

Afturendinn er með nýjum loftdreifara og fjórum verklegum púststútum.

KOSTIR OG GALLAR

Land Rover Defender D240 SE 110

Grunnverð: 12.790.000 kr.
Rúmtak: 1.999 rsm.
Hestöfl: 240.
Tog: 430 Newtonmetrar.
Upptak 0-100 km: 9,1 sek.
Hámarkshraði: 190 km/klst.

L/B/H: 5.018/2.105/1.967 mm.
Hjólhaf: 3.022 mm.
Farangursrými: 646 lítrar.
Eigin þyngd: 2.248 kg.
Dráttargeta: 3.500 kg.
Snúningshringur: 12,8 metrar.

KOSTIR
- Fjöðrun
- Hönnun innanrýmis

GALLAR
- Undirstýrður
- Millihröðun

Aflið í dísilbílnum er 240 hestöfl sem dugar honum vel hérlendis enda engar hraðbrautir hér. MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Nýr Defender – Er hann einfaldlega of góður?

Reynsluakstur
Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is

Defender-jeppinn er samofinn jeppasögu Íslendinga enda byggir hann á yfir sjötíu ára sögu hérlendis. Því er ný og mikið breytt kynslóð hans stórmál fyrir þá sem hafa áhuga á jeppasporti.

Þá er hann kominn, billinn sem beðið hefur verið eftir. Land Rover Defender er bíll sem á mikla sögu á Íslandi, svo mikla að það mætti nánast segja að Ísland sé hans annað heimaland. Þess vegna er ný kynslóð Defender stórmál á íslenskan mælikvarða. Auðvitað verður hann borinn saman við gamla bílinn, annað er ekki hægt. Hann þarf að erfa allt það besta sem hann hafði upp á að bjóða, torfærugetu, fjöðrun og ekki síst hrjúfan sjarmann. Nýr bíll þarf líka að ná að gera það sem sá gamli gerði ekki, að ná til stærri kaupendahóps. Þegar slíkur bíll er prófaður væri það móðgun við bílinn að bjóða honum ekki upp á einhverjar vegleysur, og því varð rallvegurinn við Djúpavatn fyrir valinu.

Dísilvélin er þýðgeng og vinnur vel með sjálfskiptingunni.

Innréttingin er mátulega hrá með ljósum plastefnum á vissum stöðum og gúmmímottum í gólfi, en fágaðri útfærslu á mælum og upplýsingaskjá.

» Nýr Defender er byggður á alveg nýjum undirvagni sem kallast D7X og stendur X-ið fyrir Extreme.

Nýr undirvagn

Nýr Defender er byggður á alveg nýjum undirvagni sem kallast D7X og stendur X-ið fyrir Extreme.

Billinn er svokallaður einrýmisbíll sem þýðir einfaldlega að grind er sambyggð yfirbyggingu og er smíðin að sögn tæknimanna Land

MICKEY THOMPSON M/T TIRES & WHEELS

Deegan 38 All Terrain

Deegan 38 All Terrain – nett mynstrað heilsársdekk frá Mickey Thompson
5 stærðir á lager:
265/70R16 verð 40.800 kr.
265/70R17 verð 37.500 kr.
265/65R18 verð 44.800 kr.
285/70R17 verð 49.900 kr.
265/50R20 verð 39.900 kr.

Icetrack ehf 773-4334 mtdekk@mtdekk.is www.mtdekk.is

Fasteignablaðið

27. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 7. JÚLÍ 2020

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili fasteignasala á traustum grunni

Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

MIÐBORG fasteignasala

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?

Við erum til þjónustu reiðubúin

-örugg fasteignaviðskipti

Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali

Björn Þorri Viktorsson hrl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali

Sólveig Fríða Guðrúnardóttir
Nemi til löggildingar í fasteigna-sölu og lögfræðingur.

MIÐBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800

www.midborg.is

Áhugaverð eign í Vesturbæ

Fold fasteignasala kynnir: Fallega 4 herbergja íbúð á tveimur hæðum á góðum stað í Vesturbæ Reykjavíkur með auka stúdíóíbúð í risi. Falleg og björt íbúð sem skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, eldhús með fallegri, ljósri, upprunalegri innréttingu, baðherbergi með sturtu, stofu/borðstofu með útgengi á svalir sem snúa í suðvestur og eru með útsýni yfir Skerjafjörð og Álftanes. Gólfefni: Stofa, borðstofa, eldhús, herbergi og forstofa eru með parketi og baðherbergið er flísalagt.

Efri hæð/ris: Auka 27 fm stúdíóíbúð með eldhúsi og baðherbergi með sturtu. Íbúðin var útbúin árið 2007 þegar þriðja hæð hússins var endurbyggð, þak hækkað og kvistir reistir. Á gólfum er plastparket en baðherbergi er flísalagt. Íbúðin er laus. Sameiginlegt þvottahús og hjólageymsla í kjallara. Sameiginlegur garður í rækt aðgengilegur úr sameign. Vel staðsett eign, stutt í alla þjónustu og Háskóla Íslands.

Eignin hefur verið mikið endurnýjuð frá aldamótum, nánari upplýsingar á skrifstofu. Fold fasteignasala, Sóltúni 20, 105 Reykjavík. fold@fold.is Sími 552 1400 / utan skrifstofutíma: Kristín 824-1965, Viðar 694-1401, Einar 893-9132, Gústaf 895-7205. www.fold.is Við erum á Facebook.

Það verður opið hús á Fálkagötu á morgun.

Opið hús á morgun, 8. júlí kl. 17-17.30, verið velkomin, Fálkagata 9.

valborgfs.is

VALBORG FASTEIGNASALA OG RÁÐGJÖF

Stykkishólmur - tilvalið orlofs hús

Borgarhlíð 7

Fallegt 83,3 fm 3ja herbergja raðhús, gott skipulag.
Stór verönd með heitum potti.
Húsið var endurnýjað 2011
Góð staðsetning.

Elvar Guðjónsson
Viðsk.fr. og lögg. fasteignasali
Sími 895 4000
elvar@valborgfs.is

María Sigurðardóttir
Viðskiptafræðingur
Sími 820 1780
maria@valborgfs.is

Þórður Heimir Sveinsson
Lögmaður og löggiltur fasteignasali
thordur@valborgfs.is
Yfir 20 ára reynsla í fasteignaviðskiptum

Nóatún 17 | 105 Reykjavík | valborg@valborgfs.is | Sími 419 7900

Lind fasteignasala býður Boga Molby Pétursson, löggiltan fasteignasala, velkominn til starfa.

Bogi hefur starfað sem fasteignasali í yfir 20 ár og býr yfir mikilli reynslu.

Bogi Molby Pétursson
Lögg. fasteignasali
699 3444
molby@fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6. Sími: 510 7900. www.fastlind.is

Vantar allar gerðir eigna á söluskrá. Mikil sala.
Skoðum og verðmetum samdægurs. Hafðu samband.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

2014 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Gistiheimili i 101 til sölu.

Virkilega fallegt og hlýlegt nýuppgert 6 eininga íbúðahótel. Húsið var að öllu leyti endurbyggt árið 2010. Svalir eru á 4 íbúðum. Nánari upplýsingar á skrifstofu.

Garðatorg 17 – Garðabæ. 3ja herbergja íbúð ásamt bílskúr.

Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Góð 124,6 fm. íbúð með sérinngangi á jarðhæð að meðtöldum 26,4 fm. bílskúr með afgirtri verönd til suðurs. Nýlega er búið að endurnýja parket íbúðar, rafmagnstengla, mála íbúð og bílskúr.
- Stofa og borðstofa með stórum gluggum til suðurs og austurs. Tvö svefnherbergi með gluggum.
- Húsið var málað að utan sumarið 2019. Sérstæði er fyrir framan bílskúr og hellulögð stétt með snjóbræðslu fyrir framan hús.

Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.

Verð 54,9 millj.

Skólavörðustígur 16a. Glæsileg 3ja herbergja útsýnisíbúð.

Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Glæsileg og mjög mikið endurnýjuð 68,0 fm. íbúð á 4. hæð í vönduðu lyftuhúsi við Skólavörðustíg. Íbúðinni fylgir mjög stórt sér bílastæði í bílageymslu.
- Skjólsælar og flísalagðar svalir til suðurs með útsýni að Reykjanesinu og yfir borgina. Frá stofu nýtur mjög fallegs útsýnis að Esjunni.
- Íbúðin hefur öll verið endurnýjuð á síðustu árum. Sett var ný eldhúsinnrétting og eyja með graníti á borðum og nýjum tækjum. Baðherbergi allt endurnýjað. Skipt um innihurðir og fataskápa auk þess sem gólfefni voru endurnýjuð.

Frábær staðsetning í hjarta miðborgarinnar.

Verð 56,9 millj.

Laugavegur 86-94. 2ja herbergja íbúð.

Eignin verður til sýnis á morgun, miðvikudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Afar falleg og vel skipulögð 58,3 fm. 2ja herbergja íbúð á 4. hæð að meðtaldri sér geymslu á hæðinni í góðu fjölbýlishúsi við Laugaveg 86-94.
- Íbúðin er virkilega vönduð með svölum til suðurs og innréttuð á smekklegan hátt. Gólfihiti er í íbúð og myndavéladyrasími.
- Stofa með stórum gluggum til norðurs og útgengi á norðursvalir. Þvottaherbergi innan íbúðar. Baðherbergi með marmarasteini á gólfum og veggjum.

Íbúðin getur verið laus til afhendingar við kaupsamning. Stæði fyrir íbúðir á baklóð og stórt bílastæðahús er undir húsinu.

Stakkholt 2. Glæsileg 2ja herbergja íbúð á 6. hæð

Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Björt og vel skipulögð 65,4 fm. íbúð á 6. hæð með góðum svölum til norðurs þaðan sem nýtur útsýnis í nýlegu lyftuhúsi við Stakkholt. Sérstæði í bílageymslu fylgir íbúðinni.
- Íbúðin er vönduð og innréttuð á afar smekklegan hátt. Stofa með gluggum til norðurs og vesturs. Útsýni frá íbúðinni er virkilega glæsilegt yfir miðborgina, út á sundin og víðar.
- Húsið er virkilega fallegt og vandað. Lóð og sameign er mjög snyrtileg og allur frágangur til fyrirmyndar.

Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.

Verð 45,9 millj.

Sandprýði 1 – Garðabæ. Parhús á einni hæð.

- Fallegt og vel skipulagt 199,0 fm. parhús á einni hæð með mikilli lofthæð og innbyggðum 31,5 fm. bílskúr við Sandprýði í Garðabæ.
- Gert er ráð fyrir 4 svefnherbergjum í húsinu en núverandi eigendur stækkuðu stofu sem nemur einu herbergi.
- Stór og björt stofa með tveimur útgöngum á verandir til suðurs og austur. Eldhús með miklum innréttingum úr hnotu. Þrjú herbergi auk fataherbergis.

Eigendur eru tilbúnir til að athuga með skipti á 4ra - 6 herbergja íbúð eða hæð í Ásahverfinu eða mögulega annars staðar í Garðabæ.

Verð 89,9 millj.

Klapparberg 17. Einbýlishús á grónum og skjólsælum stað.

- Mjög fallegt og þó nokkuð endurnýjað um 310,0 fm. 7 herbergja einbýlishús á 4 pöllum við Klapparberg í Reykjavík. Eldhúsinnrétting og tæki eru nýleg, aðal baðherbergi hússins er nýlega endurnýjað og þakjárn og þakkantur eru frá árinu 2018.
- Stórar stofur með mikilli lofthæð, arni og útgengi á svalir til suðausturs þaðan sem nýtur útsýnis til fjalla. Stór eyja er í eldhúsi og góð borðaðstaða. Fjögur herbergi. Útgengi á verönd til suðurs úr hjónaherbergi og sjónvarpstofu.
- Lóðin er ræktuð og skjólsæl með fallegum trjágróðri. Viðarverönd er fyrir framan hús til austurs og suðurs og stór afgirt viðarverönd til suðurs er fyrir aftan húsið og er þar hitaveituskel.

Verð 89,9 millj.

Garðatorg 4c. Glæsileg útsýnisíbúð í miðbæ Garðabæjar.

- Virkilega falleg 126,5 fm. útsýnisíbúð á 4. hæð, efstu, með tvennum rúmgóðum svölum, einstöku útsýni og sér bílastæði í bílakjallara í nýlegu fjölbýlishúsi með lyftu. Svalir til suðurs 17,1 fm. með þaki yfir og útsýni að Reykjanesinu. Svalir til norðurs 6,8 fm. með útsýni að Esjunni og yfir borgina.
- Eignin skiptist í forstofu, sjónvarpsstofu, gestasnyrtingu, þvottaherbergi, eldhús, stóra stofu, barnaherbergi, hjónaherbergi og baðherbergi. Sér geymsla í kjallara og sér bílastæði í bílageymslu.
- Húsið að utan er klætt með áli og með ál/tré gluggum og því viðhaldslítið.

Verð 73,9 millj.

Sólheimar. Efri sérhæð ásamt bílskúr.

- Virkilega glæsileg, björt og vel skipulögð 187,6 fm. efri sérhæð í nýlegu þríbýlishúsi auk 33,8 fm. bílskúrs.
- Íbúðin er virkilega opin, björt og glæsileg og lofthæð er mikil í nánast allri íbúðinni. Gluggar efst á milliveggjum sem auka mjög flæði á birtu milli rýma. Innréttingar í öllum rýmum eru sérsmíðaðar og sami stíll látinn halda sér gegnum íbúðina.
- Vandað gegnheilt eikarparket er á íbúðinni að stærstum hluta, lagt með fiskibeinamynstri og er það nýlega slípað og lakkað. Svalir útaf stofum til suðurs og útaf stigapalli til vesturs.

Frábær staðsetning í grónu hverfi þaðan sem stutt er í alla þjónustu og skóla.

Verð 93,5 millj.

Strikið 1 – Sjálandi Garðabæ. Nýjar 2ja herbergja íbúðir fyrir 60 ára og eldri

- Strikið 1 er fjölbýlishús í Sjálandinu fyrir 60 ára og eldri.
- Íbúðirnar eru frá 83,9 fm. til 104,6 fm.
- Allar innréttingar eru frá Axis, AEG eldhústæki og hreinlætistæki frá Tengi. Íbúðirnar skilast með flísum á gólfi á baði og þvottaherbergi að öðru leyti skilast íbúðirnar án gólfefna.
- Íbúðirnar eru ýmist með svölum eða timburverönd. Stæði í upphitaðaðri bílageymslu fylgir öllum íbúðum.
- Innan hússins verður salur fyrir íbúa hússins til þess að halda fundi eða mannfagnaði.
- Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. www.bygg.is

Sólborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.

- Sólborg er vandað fjölbýli með afar vönduðum 2ja – 5 herbergja lúxusíbúðum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist.
- Eignin er byggð úr afar vönduðum byggingarefnum og eru m.a. allir gluggar úr áli og klæðning hússins úr anodiseraðri álklæðningu. Klæðningin er sérhönnuð og meðhöndluð með sérstakri aðferð. Hljóðvist er verulega aukin í eigninni og er gengið mun lengra í þeim efnum en alla jafna tíðkast í íslenskum byggingum.
- Hönnuðir byggingarinnar eru THG Arkitektar og Studio Arnhildur Palmadottir.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

EIGNAMIÐLUN

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957 GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

LAUGAVEGUR 51, 165 m²
101 REYKJAVÍK, VERÐ: TILBOÐ

OPIÐ HÚS þriðjudaginn 7. júlí kl. 17:15 - 17:45

Kjartan Hallgeirsson
Lögg. fasteignasali
S.824 9093/kjartan@eignamidlun.is

Glæsileg 165 fm þakíbúð í hjarta miðborgarinnar. Um er að ræða einstaka íbúð á tveimur efstu hæðum (þriðju og fjórðu hæð) með einstakt útsýni til suðurs og norðurs, mikil lofthæð og stórar suðursvalir. 2 stór bílastæði á baklóð fylgir íbúðinni.

BARMAHLÍÐ 12 - *íbúð 101*, 111,2 m²
105 REYKJAVÍK, 57,5 kr.

Ólafur H. Guðgeirsson
Lögg. fasteignasali
S. 663 2508/olafur@eignamidlun.is

OPIÐ HÚS þriðjudaginn 7.júlí kl. 17:00-17:30

Björt og falleg 3ja-4ra herbergja sérhæð með sérinngangi og útgengi út í fallegan garð af svölum. Stórt eldhús, rúmgóðar og bjartar stofur með svölum, tvö rúmgóð svefnherbergi og baðherbergi á sér gangi. Miklir möguleikar á breytingum sem auka nýtingu eignarinnar

MÁNATÚN 5 - *íbúð 207*, 90 m²
105 REYKJAVÍK, 51,9 kr.

Ólafur H. Guðgeirsson
Lögg. fasteignasali
S. 663 2508/olafur@eignamidlun.is

BÓKIÐ SKOÐUN

2ja herbergja íbúð, merkt 207, á annarri ásamt sér stæði í bílageymslu og 8,4 fermetra geymslu í kjallara. Góðar svalir eru við íbúðina. Íbúðin skiptist í anddyri, eldhús, stofu, eitt svefnherbergi, þvottahús og baðherbergi. Frábær staðsetning.

HRAFNHÓLAR 4 - *íbúð 303*, 106,8 m²
111 REYKJAVÍK, 42,9 kr.

Ólafur H. Guðgeirsson
Lögg. fasteignasali
S. 663 2508/olafur@eignamidlun.is

OPIÐ HÚS miðvikudaginn 8.júlí kl. 18 :00-18:30

Fjölskylduíbúð, öll endurnýjuð með smekklegum hætti og breytt þannig að í henni eru fjögur svefnherbergi í stað þriggja, tvö baðherbergi og þvottahús ásamt rúmgóðu holi og góðri stofu og eldhúsi í alrými. Vel um gengin og vönduð eign í sérflokki.

VATNSSTÍGUR 20-22, 95,4 m²
101 REYKJAVÍK, 66.5 kr.

Unnar Kjartansson
Sölufulltrúi
S.867 0968/unnar@eignamidlun.is

OPIÐ HÚS þriðjudaginn 7. júlí kl 17:15-17:45

Virkilega björt og falleg tveggja herbergja útsýnisíbúð í eftirsóttu húsi í Skugganum. Íbúðin er sérlega rúmgóð og vel skipulögð. Eldhús með vandaðri innréttingu og steinborðplötu. Svefnherbergi með góðum skápum. Björt stofa með gólfsíðum gluggum og sjávarútsýni, útgengi á svalir.

JÓNSGEISLI 87, 208 m²
113 REYKJAVÍK, 94,9 mkr.

Daði Hafþórsson
Lögg. fasteignasali
S.824 9096/dadi@eignamidlun.is

OPIÐ HÚS þriðjudaginn 7. júlí kl. 17:00-17:30

Jónsgeisli 87, glæsilegt og mjög vandað einbýlishús á góðum stað í Grafarholt. Húsið er 208 fm, 5 herbergja með innbyggðum bílskúr, sérsmíðuðum innréttingu og Vola tækjum. Vel skipulögð lóð, mikið útsýni.

ÁSVALLAGATA 29, 100 m²
101 REYKJAVÍK, 57,9 kr.

Hilmar Þór Hafsteinsson
Lögg. fasteignasali
S.824 9098/hilmar@eignamidlun.is



OPIÐ HÚS þriðjudaginn 7. júlí kl. 17-17:30.

Mjög góð 100 fm fimm herbergja íbúð í fallegu og mikið endurnýjuðu húsi byggt árið 1930 við Ásvallagötu í gamla vesturbænum. Góðar suður svalir frá stofu og sameiginleg timburverönd við húsið. Íbúðin skiptist í gang, tvær stofur, tvö svefnherbergi, baðherbergi og eldhús. Í kjallara er svo auka herbergi með aðgengi að snyrtingu og sturtu.

HVASSALEIT 56, 77,3 m²
108 REYKJAVÍK, 46,9 kr.

Brynjar Þór Sumarliðason
Lögg. fasteignasali
S. 896 1168/brynjar@eignamidlun.is

OPIÐ HÚS miðvikudaginn 8. júlí kl 16:00 - 16:30

Rúmgóð og vel skipulögð 2ja herbergja 77,3 fm íbúð á fjórðu hæð með svölum til suðvesturs. Í húsinu er boðið er uppá ýmsa þjónustu og hægt er kaupa heitan mat í hádeginu. Vel staðsett íbúð í göngufæri við alla helstu þjónsustu.

SÓLHEIMAR 26, 162 m²
104 REYKJAVÍK, 67,9 kr.

Brynjar Þór Sumarliðason
Lögg. fasteignasali
S. 896 1168/brynjar@eignamidlun.is

BÓKIÐ SKOÐUN

Vel skipulögð og björt 162 fm sérhæð með bílskúr í þriggja hæða húsi við Sólheima. Sér inngangur, fjögur svefnherbergi, rúmgóðar stofur, tvennar svalir. Vikilega góð staðsetning með tilliti til allra helstu þjónustu og skóla. Örstutt í Laugardalinn og allt sem hann hefur að geyma.

DÚFNAHÓLAR 2, 148,9 m²
111 REYKJAVÍK, 54,9 kr.

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir
Lögg. fasteignasali
S. 862 1110/hrafnhildur@eignamidlun.is



OPIÐ HÚS þriðjudaginn 7. júli kl. 17:30-18:00

Glæsilegt útsýni!. Fjölskylduvænt umhverfi. Afar falleg 5-6 herbergja íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi ásamt endabílskúr í sérstæðri bílskúrslengju. Fjögur svefnherbergi, tvær stofur. Snyrtileg sameign. Stutt í skóla og ýmsa þjónustu s.s. sund, líkamsrækt og heilsugæslu.

HRINGBRAUT 76, 74,6 m²
101 REYKJAVÍK, 38,9 kr.

Bjarni T. Jónsson
Lögg. fasteignasali
S. 895 9120/bjarni@eignamidlun.is

OPIÐ HÚS þirðjudaginn 7. jhúlí kl. 17:15-17:45

Talsvert endurnýjuð 75,2 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð auk geymslu í kjallara við Hringbraut 76 í Reykjavík. Húsið er teiknað af Guðjóni Samúelssyni arkitekt og húsameistara ríkisins. Hljóðeinangrandi gler í gluggum sem snúa að Hringbraut. Fallegur inngarður með nýlegri lýsingu og barnaleiktækjum.

HÚSASALAN

Síðumúla 33 - 537-9000 - husasalan.is - husasalan@husasalan.is

Geir Sigurðsson
s: 655-9000
Lögg. fast.

Aðalsteinn Steinþórsson
s: 896-5865
Lögg. fast.

Benedikt Ólafsson
s: 661-7788
Lögg. fast.

30 ÁR

Fífuhjalli 1 OPIÐ HÚS

Mjög fallegt 340 fm einbýlishús á tveimur hæðum með tvöföldum bílskúr og sér aukaíbúð á jarðhæð, (einnig er ósamþykkt tveggja herbergja íbúð á jarðhæð og hefur bílskúr verið innréttaður sem studio íbúð). Falleg suðurlóð við opið svæði, útsýni. **Verð 119,0 m.** **Opið hús miðvikudaginn 8. júlí - kl. 17.00 – 18.00.** **VERIÐ VELKOMIN.**

heimili fasteignasala á traustum grunni

Ragnar Þorgeirsson,
löggiltur fasteignasali

STÓRAGERÐI 22 – 1. hæð og tvöfaldur bílskúr

Vel skipulögð 4ra herbergja 97,7fm. endaíbúð á 1. hæð og 37,2 fm. bílskúr með tveimur innkeyrsluhurðum. Góð staðsetning. Suður svalir og snyrtileg sameign. Húsið sprunguviðgert og málað, skipt um glugga íbúðar og nýtt þakefni á bílskúralengju 2019. Húsgafl er klæddur. **Verð 53,5 millj.**
Frekari upplýsingar veitir Ragnar í síma 774 7373 og ragnar@heimili.is

Grensásvegur 3 • 108 Reykjavík • Sími 530 6500

FÉLAG FASTEIGNASALA

LIND FASTEIGNASALA

510 7900
Hlíðasmári 6 · 201 Kópavogur
www.FASTLIND.is

FRÁBÆR STÖRF Í BOÐI HJÁ LIND FASTEIGNASÖLU

VIÐ LEITUM AÐ LÖGGILTUM FASTEIGNASÖLUM TIL STARFA

– KONUM OG KÖRLUM Á ÖLLUM ALDRI

- Við leitum að öflugum **VERKEFNASTJÓRUM** fyrir nýbyggingaverkefni
- Fjöldi verkefna framundan, af öllum stærðum og gerðum

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á **umsokn@fastlind.is**.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Lind á eftirfarandi söluvefi:

FYRSTU ÍBÚÐAKAUP.IS **FRÍTT** VERÐMAT.IS **NÝJAR** ÍBÚÐIR.IS **OPIÐ HÚS** SÖLU- OG SÝNINGARAPP

VEITUM VIÐSKIPTAVINUM AFSLÆTTI HJÁ SÉRVÖLDUM FYRIRTÆKJUM

VILDARKORT LIND FASTEIGNASALA

LIND FLYTUR Í STÆRRA OG BETRA HÚSNÆÐI

LIND Fasteignasala
Uppspretta ánægjulegra viðskipta

ÞEKKING OG REYNSLA · www.frittverdmat.is

búmenn

Búseturéttir til sölu

Akurgerði 25

Til sölu er búseturéttur að Akurgerði 25, íbúð 114, 190 Vogum. Eignin er 2ja herbergja, 68,9 fm að stærð, með aðgengi að mötuneyti og þjónustumiðstöð 60 ára og eldri. Þar er skipulögð dagskrá eins og bingó, félagsvist, föndur, leikfimi, heimsóknir á söfn ofl.

Ásett verð búseturéttarins er kr.5.000.000,- og mánaðarlegt búsetugjald miðað við 1.júlí er kr.141.793.

Innifalið í mánaðarlegu búsetugjaldi er afborgun skuldabréfa, fasteigna- og holræsagjöld, rekstur húsfélags, tryggingar, viðhaldssjóður og þjónustugjald.

Þeir sem hafa áhuga á að skoða eignina og/eða gera tilboð í búseturéttinn, vinsamlegast hafið samband við skrifstofu Búmanna í síma 552-5644 eða í gegnum netfangið bumenn@bumenn.is

Tilboðsfrestur er til og með 24.júlí nk, kl.12.00

job

Erum við
að leita **að þér?**

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR

RÍKISKAUP ÁÐILI AÐ RAMMASAMNINGI

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090

Gunnar H. Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignas
Sími: 865 4120

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

Framúrskarandi fyrirtæki
2015 2019

Þóroddur S. Skaptas
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

Kjartan Í. Guðmunds
aðst. fasteignasala
Sími: 663 4392

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignasala
Sími: 616 1313

Friðjón Ö. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929

Ragnheiður Pétursd.
hdl. og löggiltur fasteignasali

Smáraflöt 12
210 Garðabæ

Sérlega fallegt 202 fm einbýlishús á einni hæð auk bílskúrs á frábærum stað í Garðabæ

- Opið rými, eldhús, stofa og borðstofa
Í könnun J.D. Power voru rúmlega 87 þúsund bíleigendur nýrra bíla af árgerð 2020 spurðir fjölmargra spurninga á mörgum mismunandi sviðum um áreiðanleika bíla þeirra og bilanir á fyrstu 90 dögum. Með þessari könnun er J.D. Power að fá sem besta mynd af gæðum bíla allra bílaframleiðenda. Þetta er í 34. skipti sem könnun J.D. Power er framkvæmd en hún þykir ein virtasta áreiðanleikakönnunin í bílageiranum. Eins og áður segir urðu bílaframleiðendurnir Kia og Dodge jafnir í efsta sætinu en RAM og Chevrolet urðu jafnir í 3.-4. sæti. Genesis varð í efsta sæti lúxusbílamerkja.

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:
• Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

KRÓKUR
á þinni leið
Vesturhraun 5 210 Garðabær

ALLT INNIFALIÐ
MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM

~~281.750 KR.~~
214.900 KR.

~~354.750~~
287.900 KR.

~~529.750 KR.~~
415.900 KR.

~~420.750 KR.~~
353.900 KR.

~~518.750 KR.~~
451.900 KR.

~~410.750 KR.~~
343.900 KR.

~~434.750~~
367.900 KR.

~~422.750 KR.~~
355.900 KR.

~~338.750 KR.~~
271.900 KR.

~~497.750 KR.~~
430.900 KR.

~~522.750 KR.~~
455.900 KR.

ÖLL VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

AUKAHLUTIR S.S. LUKT OG VASI FYLGJA EKKI MEÐ Í TILBOÐI

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.

*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.
Smá aksturs gjald bætist við út á land
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

FOSSALEYNI 16
112 REYKJAVÍK

Granítöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

MOSFELLSBÆR

Deiliskipulag og skipulagslýsing

Mosfellsbær auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir frístundalóðir Heiðarhvamms í landi Miðdals.

Um ræðir nýtt deiliskipulag sem tekur til landsins, L125323, í Miðdal. Mosfellsbæ, stærð 25.093 m² og er á svæði sem í aðalskipulagi er skilgreint fyrir frístundabyggð (521-F). Í deiliskipulaginu er lóðinni skipt upp í fjórar lóðir þar sem heimilt verður að byggja allt að 130 m² á hverri lóð fyrir sig í samræmi við aðalskipulag. Aðkoma að lóðum er frá Hafravatnsvegi.

Athugasemdafrestur deiliskipulagstillögunnar er frá 6. júlí til og með 19. ágúst 2020.

Mosfellsbær auglýsir hér með verkefnislýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir Dalland.

Lýsingin fjallar um áform breytinga aðalskipulags sem byggir á að stækka skilgreint landbúnaðarland við Dalland (527-L) um 6,1 ha. til austurs, en svæðið er skilgreint sem „óbyggt svæði" í aðalskipulagi. Engar breytingar á skilmálum eru fyrirhugaðar. Breytingin snertir löndin L195745 og L123625.

Umsagnarfrestur lýsingar er frá 6. júlí til og með 4. ágúst 2020.

Bæði tillagan og lýsingin verða til sýnis á upplýsingatorgi Mosfellsbæjar, Þverholti 2.

Gögn eru einnig birt á vef Mosfellsbæjar á slóðinni: *mos.is/skipulagsauglysingar*.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, eða í tölvupósti á *skipulag@mos.is*.

6. júlí 2020
Kristinn Pálsson
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR

AUGLÝSING
Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 og tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir íbúabyggðina Grænaborg.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða er auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi íbúabyggðina Grænaborg, skv. 1. mgr. 43. gr. sömu laga.

Breyting á aðalskipulagi felst í eftirfarandi:
Breyting á aðalskipulagi varðar skilmála fyrir íbúabyggðina Grænaborg. Breytingin felur í sér að í aðalskipulagstillögunni felst að hverfið (ÍB-3-1) verði fullbyggt með 850 - 900 íbúðum, en var áður 400 - 450 íbúðir, sem nánar er lýst í greinargerð á uppdrætti.

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:
Breytingin felur í sér að hverfið verði fullbyggt með 850 - 900 íbúðum, en var áður 400 - 450 íbúðir, sem nánar er lýst í greinargerð á uppdrætti

Tillögurnar eru settar fram á uppdráttum og greinargerð og vísast til þeirra um nánari upplýsingar.

Tillögurnar verða til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar frá og með **þriðjudeginum 7. júlí 2020 til og með þriðjudaginn 18. ágúst 2020** og hjá Skipulagsstofnun að Borgartúni 7b, Reykjavík. Tillögurnar eru einnig aðgengilegar á vef Sveitarfélagsins Voga, www.vogar.is/is/thjonusta/skipulag/skipulag-i-kynningu

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar.
Skila skal skriflegum athugasemdum til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar eða á netfangið skrifstofa@vogar.is eigi síðar en þriðjudaginn 18. ágúst 2020

Vogum, 1. júlí 2020
F.h. bæjarstjórnar,
Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri

ÍBÚAFUNDUR

Íbúafundur vegna tillagna að skipulagsbreytingum í Hraunum vestur

Boðað er til *íbúafundar fimmtudaginn 9. júlí 2020 kl. 17:00 – 18:30 í Hafnarborg (1. hæð)* þar sem tillögur að breyttu aðalskipulagi og deiliskipulagi, sem ná til Hrauna vestur í Hafnarfirði, verða kynntar.

Aðalskipulagsbreyting
Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti greinargerð og uppdrátt aðalskipulagsbreytingar Hraun vestur Gjótur þann 31.01. 2020, staðfest í bæjarstjórn þann 29.04. sl. Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem ÍB2 (íbúðir/léttur iðnaður/verslun). Í aðalskipulagsbreytingunni felst landnotkunarbreyting, þ.e. að landnotkun svæðisins verði skilgreind sem M4 (miðbær/miðsvæði).

Deiliskipulag
Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti, þann 02.06. 2020, tillögu að deiliskipulagi fyrir Hraun vestur - Gjótur, reit sem liggur að Reykjavíkurvegi, Hjallahrauni og Helluhrauni. Erindið var staðfest í bæjarstjórn þann 10.06. sl. Tillagan, sem gerir ráð fyrir uppbyggingu er nær til lóða við Reykjavíkurveg 60-62 og Hjallahraun 2-4, er sett fram á uppdrætti og í greinargerð.

Ofangreindar tillögur hafa verið auglýstar samhliða skv. 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar eru aðgengilegar í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhellu 2 til 06.08. 2020.

Einnig má skoða tillögurnar **hafnarfjordur.is** undir íbúar/skipulag í kynningu.

Nánar á **hafnarfjordur.is**

HAFNARFJÖRÐUR 585 5500 hafnarfjordur.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Framkvæmdarleyfi fyrir Hólasandslínu 3 í landi Akureyrarbæjar

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti á fundi sínum þann 24. júní 2020 umsókn Landsnets hf. dagsetta 12. júní 2020 um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Hólasandslínu 3 í tveimur jarðstrengjum. Liggur strengleiðin frá Rangárvöllum, suður yfir Glerárgil á strengja- og útivistarbrú, þaðan ofan hesthúsahverfisins í Breiðholti, gegnum Naustaflóa, í norðurjaðri Kjarnaskógar og suður fyrir flugbrautarenda. Yfir óshólma Eyjafjarðarár liggur strengleiðin samhliða nýjum reiðstíg og gamla leiruveginum. Þegar komið er yfir miðkvísl Eyjafjarðarár er strenglögnin komin úr umdæmi Akureyrarbæjar.

Umrædd framkvæmd er matsskyld samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar dagsett 19. september 2019 um matsskýrslu framkvæmdaraðila dagsetta mars 2019.

Er framkvæmdin í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulag á þeim svæðum sem framkvæmdin nær til og er einnig í samræmi við lýsingu framkvæmdarinnar í matsskýrslu og áliti Skipulagsstofnunar. Framkvæmdaleyfisgögn ásamt matsskýrslu framkvæmdaraðila og áliti Skipulagsstofnunar eru aðgengileg á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is – neðst á forsíðu undir: Auglýstar tillögur

Vakin er athygli á því að ákvörðun um veitingu framkvæmdaleyfis er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála sbr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu þessarar auglýsingar um leyfið, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Sjá nánar upplýsingar á heimasíðu nefndarinnar www.uua.is.

Sviðsstjóri skipulagssviðs

Akureyrarbær
Skipulagssvið

Geislagata 9 • Sími 460 1000 • www.akureyri.is • akureyri@akureyri.is

---

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

HAGVANGUR
hagvangur.is

Skilja ekki forgangsröðun sjóðsins

KA-menn skilja ekki á hvaða grundvelli mannvirkjasjóður KSÍ hafnaði umsókn um styrk til þess að laga drenlögn sem er undir Greifavellinum og er ónýt. Sævar Pétursson, framkvæmdastjóri KA, segist óttast hvernig völlurinn muni líta út í haust.

FÓTBOLTI Greifavöllur, sem er heimavöllur knattspyrnufélagsins KA, hefur verið milli tannanna á knattspyrnuáhugafólki í upphafi sumars en ástand hans hefur verið gagnrýnt.

Sævar Pétursson, framkvæmdastjóri KA, segir drenlagnir undir vellinum vera ónýtar en félagið hafi fengið höfnun á umsókn til mannvirkjasjóðs KSÍ fyrr á þessu ári til þess að laga þá lögn.

„Við sóttum um styrk hjá mannvirkjasjóði KSÍ fyrr á þessu ári þar sem við vildum fara í framkvæmdir til þess að laga ónýta drenlögn undir Greifavellinum. Það var framkvæmd upp á rúmar fjórar milljónir sem við ætluðum að fara í eftir að yfirstandandi leiktíð lýkur.

Akureyrarbær var tilbúinn að koma inn í þá framkvæmd. Þegar við fengum höfnun er ljóst að það verður ekki af þeirri mikilvægu bragarbót," segir Sævar í samtali við Fréttablaðið.

„Að okkar mati var umsókn okkar mikilvægara mál, það er lagfæring á vellinum sjálfum, en mörg þeirra mála sem hlutu brautargengi hjá mannvirkjasjóðnum. Það var til að mynda ákveðið að setja pening í vallarklukkur í Kópavogi, innibattavöll í Kórnum, sæti á Hlíðarenda, búningsklefa á Hlíðarenda og í Eyjum, sparkvöll á KR-svæðinu, varamannaskýli í Árbæinn og Kópavog og vökvunarbúnað inni í Kór, svo einhver dæmi séu tekin," segir Sævar um störf mannvirkjasjóðs.

„Vallarflöturinn á Greifavellinum er 60 eða 70 ára gamall og völlurinn drenar ekki, sérstaklega á þeim hluta þar sem drenlögnin er ónýt. Það er erfitt að koma vellinum í gott stand en það er alveg mögulegt.

Knattspyrnuáhugamönnum hefur verið tíðrætt um ástandið á Greifavellinum á Akureyri en drenlögn undir vellinum er ónýt. MYND/SÆVAR GEIR

Það hjálpaði hins vegar ekki til að við þurftum að nota völlinn á N1-mótinu um helgina. Nú hefur mótið dregist enn frekar út af COVID-19 og við erum áhyggjufullir að sjá hvernig ásigkomulagið verður á vellinum í síðustu heimaleikjum okkar," segir hann enn fremur.

> Að okkar mati var umsókn okkar mikilvægara mál.

„Framtíðarskipulag okkar gengur út á að færa alla okkar starfsemi á KA-svæðið og byggja upp aðstöðu þar til þess að leika á gervigrasvelli með stúku í kringum.

Viðræður við Akureyrarbæ gera ráð fyrir að uppbygging á því svæði muni fara fram á næstu tveimur til fjórum árum en svo getur verið að það viðhald sem þarf að fara fram á Lundarskóla muni hafa áhrif á þau plön. Vonandi verður það samt ekki til þess að fresta löngu tímabærum framkvæmdum of mikið," segir framkvæmdastjórinn.

hjorvaro@frettabladid.is

FRÁBÆR STÖRF Í BOÐI HJÁ LIND FASTEIGNASÖLU

VIÐ LEITUM AÐ
LÖGGILTUM
FASTEIGNASÖLUM
TIL STARFA
– KONUM OG KÖRLUM Á ÖLLUM ALDRI

- Við leitum að **löggiltum fasteignasölum** sem sérhæfa sig í sölu og leigu atvinnuhúsnæðis
- Fjöldi verkefna framundan, af öllum stærðum og gerðum

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á **umsokn@fastlind.is**.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

LIND FASTEIGNASALA var stofnuð árið 2003 og er því á 17. starfsári. Hjá Lind starfa í dag 23 löggiltir fasteignasalar, þar af tveir lögmenn og einn lögfræðingur.

Lind á eftirfarandi söluvefi:
FYRSTU ÍBÚÐAKAUP.IS
FRÍTT VERÐMAT.IS
NÝJAR ÍBÚÐIR.IS
OPIÐ HÚS SÖLU- OG SÝNINGARAPP
VILDARKORT LIND FASTEIGNASALA

VEITUM VIÐSKIPTAVINUM AFSLÆTTI HJÁ SÉRVÖLDUM FYRIRTÆKJUM

LIND FLYTUR Í STÆRRA OG BETRA HÚSNÆÐI

LIND FASTEIGNASALA

LIND Fasteignasala
Uppspretta ánægjulegra viðskipta

ÞEKKING OG REYNSLA · www.frittverdmat.is

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

7. JÚLÍ 2020 ÞRIÐJUDAGUR

†

Útför elsku dóttur okkar, systur, mágkonu, barnabarns og frænku,

Bjarghildar Vöku Einarsdóttur

Kríunesi 5, Garðabæ,

fer fram frá Vídalínskirkju, Garðabæ, fimmtudaginn 9. júli kl. 15.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Pieta, samtök gegn sjálfsvígum.

Guðrún Erla Hákonardóttir
Þóra Kjartansdóttir
Helgi Björn Einarsson
Hróðmar Vífill Einarsson
Sólberg Vikar Einarsson
Helgi Einarsson
Hákon Hákonarson
Einar Sólberg Helgason
Rúnar Gunnarsson
Katrín Alda Bjarnadóttir
Bjarghildur Jónsdóttir
Kristín Kristjándóttir
og systkinabörn.

HjartaHeill
Minningarkort á **hjartaheill.is**
eða í síma 552 5744

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfsdóttir

Sverrir Einarsson

Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararþjónusta
& lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Finnst ég vera á réttri hillu

Landsbankinn veitti nýlega styrki til fimmtán framúrskarandi námsmanna. Meðal þeirra er Guðrún Svava Gomez sem starfar sem bifvélavirki á verkstæði Heklu.

Guðrún Svava var í Meistaraskólanum frá síðustu áramótum og stefnir á að öðlast meistararéttindi þaðan í bifvélavirkjun næsta vor. Hún fékk 400.000 króna styrk frá Landsbankanum til þess. „Fyrsta önnin gekk mjög vel," segir hún og kveðst algerlega finna sig í þessari iðngrein, þó upphaflega hafi hún hafi skráð sig í hana með litla sem enga þekkingu.

„Ég var á listnámsbraut í Fjölbraut í Breiðholti og ætlaði að fara í Listaháskólann að lokinni útskrift en fékk þá bíladellu. Átti gamlan Golf og fór að spreyja felgurnar, pússa, grunna og laga ryðbletti en langaði að geta gert meira við hann svo þegar ég útskrifaðist stúdent í desember 2015 sótti ég um í bifvélavirkjun í Borgarholtsskóla í staðinn fyrir Listaháskólann."

Nú ekur Guðrún Svava á Ópel Austria, árgerð 2007, og kveðst reyna að halda honum við sjálf. „Ég sótti um að fara á nemasamning hjá bílaverkstæði Heklu, samhliða námi mínu í Borgarholtsskóla og var valin úr hópi umsækjenda. Starfsfólkið í Heklu hefur tekið mér afar vel."

Guðrún Svava segir bifvélavirkjun fjölbreytt fag. „Það eru engir tveir dagar eins í vinnunni og maður er alltaf að læra. Fær verkefni í hendur og þarf að finna út hvað sé að. Þá gildir að hafa einhverjar hugmyndir. Það er mikilvægt að kunna að lesa úr villum og bilanagreina, það er fyrsta skrefið," segir hún og telur listina hafa kveikt áhuga hennar á faginu. „Mér finnst ég á vera réttri hillu."

gun@frettabladid.is

„Ég ákvað að fylgja hjartanu þegar ég valdi bifvélavirkjunina." FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það er mikilvægt að kunna að lesa úr villum og bilanagreina.

†

Elskulegi faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kári Pálsson Þormar

rafeindavirkjameistari,

lést 30. júní á Vífilsstaðaspítala.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, fimmtudaginn 9. júlí, klukkan 15.

Jóhannes Þormar
Páll Þormar
Sigurveig Þormar
Sigfríð Þormar
Kári Þormar
Margrét Hilmisdóttir
Elín Guðmundsdóttir
Njáll Jóhannesson
Svanur Stefánsson
Sveinbjörg Halldórsdóttir
barnabörn og langafabörn.

†

Útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Jóseps Rósinkarssonar

frá Fjarðarhorni,

fer fram frá Grafarvogskirkju, föstudaginn 10. júlí, klukkan 13.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

Sveinn Guðmundsson
Gísli Jósepsson
Ingimundur Jósepsson
Kolbeinn Jósepsson
Guðný Jónsdóttir
Sigurður Geirsson
Þórdís Reynisdóttir
Harpa Sveinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Helga Sigurðardóttir

Árkvörn 2a, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 2. júlí sl.
Útförin verður auglýst síðar.

Guttormur P. Einarsson
Einar Guttormsson
Sigurður Egill Guttormsson
Guðrún Svava Gunnlaugsdóttir
Þórunn K. Sigfúsdóttir
og barnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Árni Sigurður Guðmundsson

frá Neðri-Fitjum, V-Hún.,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 23. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Guðrún Ástvaldsdóttir
Kristbjörg Helga Árnadóttir
Elínborg Árnadóttir
Guðmundur R. Árnason
Jón S. Snorrason
Theodór H. Sighvatsson
Erla Heiðrún Benediktsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginkona, móðir okkar og systir,

Bergþóra Kristinsdóttir

lést á heimili sínu í Madison í Bandaríkjunum þann 10. júní.
Útför hennar fór fram í Madison þann 21. júní. Minningarathöfn um Bergþóru verður haldin í Bústaðakirkju fimmtudaginn 9. júlí kl. 15.

Luv Passi
Rame Valgeir
Luv Garðar
Guðrún Kristinsdóttir
Ragnar Kristinsson
Guðmundur Kristinsson
og aðrir aðstandendur.

†

Elsku faðir minn, sonur, bróðir og frændi,

Jón Skúli Traustason

sem lést miðvikudaginn 24. júní síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju, föstudaginn 10. júlí, kl. 15.30.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning í hans nafni: rkn. 0370-22-028843, kt. 070790-2549.

Ingvar Breki Skúlason,
Ragnheiður Helga Jónsdóttir,
Helga, Ingi Hrafn, Ragna Bergmann, Lóa og Rögnvaldur

Beltone **Amaze**™

Gæði lífsins eru líka mæld í desíbelum

Hágæða heyrnartækin frá Beltone **Amaze**™ gera þér kleift að heyra betur svo lífsgæðin batna til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja skilar einstökum hljómgæðum og tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Þú upplifir heiminn á nýjan hátt þegar þú leggur við hlustir með Beltone **Amaze**™. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Þriðjudagur

Norðlæg eða breytileg átt 3-8 m/s. Víða bjartviðri, en skýjað fram eftir degi NA- og A-lands. Búast má við stöku síðdegisskúrum á hálendinu og SA-landi. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast sunnan heiða.

	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
°C	14	8	11	14	17	12
m/s	4 ↘	2 ↘	4 ↓	4 ↙	1 →	4 ↘

Miðvikudagur

	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
°C	11	9	11	14	16	11
m/s	4 →	3 ↘	4 ↓	4 ↓	3 ↗	4 ↘

Fimmtudagur

	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
°C	11	10	12	12	17	11
m/s	5 ↘	4 ↘	4 ↘	4 ↘	3 ↘	5 ↘

LÉTT

			1		5		6	7
9	3			6		4		1
5		6				2	8	
	2	5						3
7	4			3				
		8			2			4
		3	6		1	8		
	5				7	1		
			8	5		7		

MIÐLUNGS

4	6			7	2	9		
	3				4	2	1	
				6		5		
	1		4	2				
		8	6					
	2		1		9		3	8
		6			3			7
9	5						4	2
1								

ÞUNG

5				7				
	3		2		9	1		
		4	5				6	
	1					7		6
2	5	7				4		
						5	3	
			1	2	6			8
			4	9				
4		6						

5	4	7	9	8	3	1	2	6
6	3	9	5	1	2	8	4	7
8	1	2	7	6	4	5	9	3
1	7	5	4	2	9	6	3	8
2	6	8	3	5	1	9	7	4
3	9	4	8	7	6	2	5	1
9	2	1	6	3	7	4	8	5
4	8	3	1	9	5	7	6	2
7	5	6	2	4	8	3	1	9

5	2	8	9	1	4	6	3	7
3	7	1	2	5	6	8	9	4
4	6	9	7	3	8	1	5	2
8	9	3	1	6	7	2	4	5
6	4	2	8	9	5	7	1	3
7	1	5	4	2	3	9	6	8
9	8	7	5	4	1	3	2	6
1	5	6	3	7	2	4	8	9
2	3	4	6	8	9	5	7	1

6	3	9	5	7	8	1	2	4
1	4	7	2	3	9	5	6	8
2	8	5	1	4	6	9	3	7
7	5	1	4	6	2	8	9	3
8	9	2	7	1	3	6	4	5
3	6	4	8	9	5	7	1	2
9	1	8	3	5	4	2	7	6
4	2	6	9	8	7	3	5	1
5	7	3	6	2	1	4	8	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Krossgáta

LÁRÉTT
1. tappi
5. kirna
6. sjúkdómur
8. stuldur
10. nugga
11. heiður
12. mjólkurvara
13. afrakstur
15. loka
17. matjurt

LÓÐRÉTT
1. útlimir
2. ríki í S-Ameríku
3. umyrði
4. kk nafn
7. þjóta
9. ræksni
12. heimur
14. hismi
16. skyldir



LÁRÉTT: 1. spons, 5. ker, 6. ms, 8. arðrán, 10. nú, 11. æra, 12. áfir, 13. afli, 15. rifilas, 17. salat.
LÓÐRÉTT: 1. skankar, 2. perú, 3. orð, 4. smári, 7. snarast, 9. ræfill, 12. álfa, 14. fis, 16. áa.

Skák

Gunnar Björnsson

Hannes Hlífar Stefánsson (2542) átti leik gegn Lev Yankelevich (2461) á alþjóðlegu móti í Budejovice í Tékklandi.

23. Reg5! fxg5 24. Rxg5. Tvöföld hótun. Svartur verður að verja mátið á **h7. 24...Rf6 25. Rf7+ Kg8 26. Rxd8** og Hannes vann nokkru síðar. Hann var með tvo vinninga eftir fimm umferðir. Magnús Carlsen vann Anish Giri í úrslitaeinvígi á Chessable Masters mótinu sem lauk um helgina.
www.skak.is: Hannes í Tékklandi.

Hvítur á leik

FRÉTTABLAÐIÐ MEÐ Í FERÐALAGIÐ!

Þú getur lesið blað dagsins á frettabladid.is og í Fréttablaðsappinu, hvar sem þú ert í sumar

FRÉTTABLAÐIÐ – MEÐ ÞÉR Í SUMAR

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

SUMARTILBOÐ

20% AFSLÁTTUR

CORINNA

-20%

VERÐ 120.077 KR

VERÐ ÁÐUR 150.096 KR

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

Svæðaskipt heilsurúm, sérstyrktir kantar, 5 svæðaskip pokagormakerfi, engin hreyfing milli svefnsvæða, góður toppur með hitajöfnun. Stífur, mjög sterkur botn, möguleiki á yfir 20 mismunandi litum áklæðum.

AVIANA

-20%

VERÐ 150.244 KR

VERÐ ÁÐUR 187.780 KR

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

Svæðaskipt þrýstijöfnunar heilsurúm (gefur góða aðlögun og þyngdardreyfingu), sérstyrktir kantar, engin hreyfing milli svefnsvæða.Stífur, mjög sterkur botn, möguleiki á yfir 20 mismunandi litum áklæðum.

ALEXA

-20%

VERÐ 187.840 KR

VERÐ ÁÐUR 234.800 KR

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

Svæðaskipt heilsurúm, sérstyrktir kantar, 5 svæðaskipt pokagormakerfi (gefur góða aðlögun og þyngdardreyfingu) framleitt úr sérvöldi tvíhertu hágæðastáli, engin hreyfing milli svefnsvæða, góður toppur sem gefur enn betri aðlögun og þyngdardreyfingu með hitajöfnun, einstök tilfinning. Stífur, mjög sterkur botn, möguleiki á yfir 20 mismunandi litum áklæðum.

-20%

FORTE

RAFSTILLANLEGUR HÆGINDASTÓLL MEÐ HALLANDI BAKI OG FÓTASKEMLI

VERÐ 79.840 KR

VERÐ ÁÐUR 99.800 KR

EINSTAKLEGA VANDAÐUR STÓLL Á FRÁBÆRU VERÐI

-20%

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

DAGSKRÁ

Þriðjudagur

HRINGBRAUT

20.00 Verkalýðsbaráttan á Íslandi, sagan og lærdómurinn Heimildarþættir um sögu verkalýðsbaráttunnar á Íslandi í umsjá Sigmundar Ernis Rúnarsson.
20.30 Lífið er lag Þátturinn fjallar um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
21.00 Eldhugar: Sería 1 Í þættinum fara Pétur Einarsson og viðmælendur hans út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.
21.30 Bærinn minn Bærinn minn segir frá sjarma og sérstöðu bæjarfélaganna hringinn í kringum Ísland.

RÚV SJÓNVARP

12.50 Heimaleikfimi
13.00 Spaugstofan 2002-2003
13.25 Matur með Kiru
14.00 Upplýsingafundur Almannavarna Bein útsending frá upplýsingafundi Almannavarna.
14.30 Gettu betur 2006 Menntaskólinn við Hamrahlíð - Menntaskólinn við Sund
15.25 Manstu gamla daga? Frumherjarnir
16.10 Menningin - samantekt
16.30 Úr Gullkistu RÚV: Fólk og firnindi Regnbogalandið
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Óargardýr
18.29 Bílskúrsbras
18.33 Hönnunarstirnin
18.50 Svipmyndir frá Noregi
19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Sumarlandinn
19.40 Mömmusoð Matreiðsluþátturinn Soð tekur áhorfendur aftur til framtíðar þar sem Kristinn eldar dýrindis mömmumat á sinn einstaka hátt.
19.55 Sporið
20.25 Ferðir víkinga Vikings Uncovered Heimildarmynd frá BBC um rannsóknir fornleifafræðingsins Söruh Parcak og sagnfræðingsins Dans Snow sem könnuðu ferðir og sögu víkinga með hjálp gervitungla. Þau fundu minjar á stað sem nefnist Point Rosee sem gáfu vísbendingar um að víkingar hafi farið til Nýfundnalands mikið fyrr en áður var talið.
21.25 Parísarsögur Paris ETC
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Glæpasveitin The Team II Evrópskir spennuþættir um hóp rannsóknarlögreglumanna hjá Interpol sem vinna saman þvert á landamæri gegn hættulegum glæpasamtökum. Þetta er önnur þáttaröðin um Glæpasveitina. Í aðalhlutverkum eru Marie Bach Hansen, Jürgen Vogel og Lynn Van. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.15 Vegir Drottins Herrens veje I
00.15 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 PGA Tour 2020 Útsending frá Rocket Mortgage Classic .
11.00 PGA Tour 2020 Útsending frá Rocket Mortgage Classic.
14.00 PGA Highlights 2020 Hápunktarnir á PGA mótunum.
14.55 PGA Tour 2020 Útsending frá Rocket Mortgage Classic.
19.55 PGA Tour 2020 Útsending frá Rocket Mortgage Classic.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
11.30 Dr. Phil
12.15 The Late Late Show
13.00 The Bachelorette
14.25 Will and Grace
14.50 The Block
16.05 Survivor
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Mick
19.30 The Neighborhood
20.00 The Block
21.00 Reef Break
21.50 Bull
22.35 Blood and Treasure
23.20 The Late Late Show
00.05 Love Island
01.00 Hawaii Five-0
01.45 New Amsterdam
02.30 Stumptown
03.15 Beyond
04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Sumarmál. Fyrri hluti
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Sumarmál. Seinni hluti
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Tengivagninn
17.00 Fréttir
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Brot úr Morgunvaktinni
18.30 Útvarp Krakka RÚV Tækni og vísindi - Landgræðsla
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sumartónleikar
20.30 Á reki með KK
21.33 Kvöldsagan. Njáls saga (15 af 25)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Sumarmál. Fyrri hluti
23.05 Sumarmál. Seinni hluti
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.10 Snowden
13.25 Batman. Harley Quinn
14.35 The Full Monty
16.05 Snowden
18.15 Batman. Harley Quinn
19.30 The Full Monty
21.00 The Aftermath
22.45 Terminal Spennutryllir frá 2018 með Margot Robbie og fleiri stórgóðum leikurum. Terminal gerist í ónefndri borg þar sem við kynnumst tveimur leigumorðingjum í illum erindagjörðum, forvitinni þjónustustúlku sem spilar með alla sem hún kemst í tæri við.
00.15 Alita. Battle Angel
02.15 The Aftermath

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Grey's Anatomy
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 The Village
10.45 First Dates
11.35 NCIS
12.35 Nágrannar
12.55 The X-Factor
13.40 The X-Factor
14.45 The X-Factor
15.30 Ísskápastríð
16.05 Six Robots and Us
17.05 Stelpurnar
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.48 Sportpakkinn
18.55 Einkalífið
19.20 Mom
19.45 God Friended Me
20.30 Blindspot
21.15 Strike Back
22.10 Pressa
22.55 The Bold Type
23.40 Penance
00.30 Cherish the Day
01.15 Better Call Saul
02.05 Better Call Saul
02.50 Better Call Saul

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Mindy Project
21.10 Supernatural
21.50 It's Always Sunny In Philadelpia
22.55 Krypton
23.35 Friends
00.00 Friends
00.20 The Mindy Project

STÖÐ 2 SPORT

08.00 FH - Stjarnan
09.40 Grótta - HK
11.20 KR - Víkingur R.
13.00 Pepsi Max Tilþrifin
13.50 FH - Þróttur R. Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
15.30 Sevilla - Eibar
17.10 Levante - Real Sociedad
18.55 FH - Þróttur R.
20.35 Cagliari - Atalanta
22.15 Brescia - Hellas Verona
00.00 Nottingham Forest - Fulham

STÖÐ 2 SPORT 2

07.45 UCL Classic Matches Hápunktarnir úr þremur klassískum Meistaradeildarleikjum. Barcelona - PSG 8. mars 2017; Ajax - Tottenham 8. maí 2019 og Manchester United - Real Madrid 23. apríl 2003.
08.35 Sassuolo - Lecce
10.20 Lazio - AC Milan
12.00 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar 2019/2020
12.25 Juventus - Torino
14.10 Inter Milan - Bologna
15.55 Nottingham Forest - Fulham Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
18.00 Football League Show Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni.
18.30 La Liga Show
18.55 Inside Serie A Hitað upp fyrir leikina í ítölsku úrvalsdeildinni.
19.35 AC Milan - Juventus Bein útsending.
21.40 Lecce - Lazio
23.20 Wycombe Wanderers - Fleetwood Town

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Jafnaðu þig hjá Orkunni

Kolefnisjafnaðu aksturinn strax með Orkulyklinum!

Lykil- og korthafar skrá sig í kolefnisjöfnun á orkan.is

7 króna afsláttur af hverjum lítra fer í kolefnisjöfnun

Votlendissjóðurinn kolefnisjafnar þitt framlag

Allar nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á orkan.is

ALBA
Hægindastóll með eða án skemils.
Svart, ljósgrátt,brúnt eða hvítt leður.
Blátt, sinnepsgult, ljós- eða dökkgrátt áklæði. Þægilegur stóll á góðu verði.

Stóll í áklæði
63.992 kr. ~~79.990 kr.~~
Skemill í áklæði
15.992 kr. ~~19.990 kr.~~
Stóll í leðri
87.992 kr. ~~109.990 kr.~~
Skemill í leðri
23.992 kr. ~~29.990 kr.~~

MEXICO
Hægindastóll. Sinnepsgult, grænt eða grátt sléttflauel eða svart leður.
Snúningsfótur.

15%
AFSLÁTTUR

Áklæði
80.742 kr. ~~94.990 kr.~~
Leður
110.492 kr. ~~129.990 kr.~~

Þú finnur bæklinginn
husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100



Pétrísk-íslensk orðabók með alfræðiívafi kemur nú út í þrítugasta og fimmta skiptið og hafa vinsældir hennar aukist ár frá ári og alltaf hefur hún selst upp í hvert sinn sem ný og endurbætt útgáfa kemur út. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Pétur vill jarðarfjör frekar en jarðarför

Pétur Þorsteinsson skiptir hversdagslegum og litlausum orðum út fyrir alls konar fjörlega uppásnúninga og þegar hann er í ham veitir ekkert af Pétrísk-íslenskri orðabók til þess að skilja hann.

Séra Pétur Þorsteinsson, óháðasafnaðarprestur, telur víst að hann hafi strax í grunnskóla verið byrjaður að leika sér að orðum og finna „skrýtin og skemmtileg“ orð til að setja í stað „hinna hversdagslegu og litlausu,“ eins og hann kýs að kalla þau.

„Ég er búinn að vera í þessum pælingum síðan í menntaskóla. Barnaskóla jafnvel,“ segir nýyrðasmiðurinn óþreytandi sem hefur nú gefið út sína Pétrísk-íslensku orðabók með alfræðiívafi í 35. skipti.

Bókin kom fyrst út 1988 og nýjar og endurbættar útgáfur hafa síðan hrannast upp með misreglulegu millibili. „Það eru 270 ný orð, sem bætast við frá síðustu útgáfu“, segir Pétur um nýju bókina og bendir á að þessi fjöldi sýni glöggt hversu kvikt og lifandi tungumálið er.

„Það bætist alltaf við. Já, já. Ævinlega. Og ég myndi þiggja svartbaunaseyði en ekki pokapiss,“ heldur klikk-klerkurinn áfram og talar slíkum tungum að sú spurning vaknar óhjákvæmilega hvort fólk þurfi ekki að hafa orðabókina við hendina til þess að skilja hann.

„Stundum, já. Ef maður hverfur í þann ham að tala pétrískuna þá stundum skilja menn ekki og ná ekki hvað maður er að segja. Þá líka gefur maður í,“ segir Pétur og glottir. „Svona til að fíflast.“

Jarðarfjör

Pétrísk-íslenska orðabókin kom fyrst út í 40 eintökum. Þessi útgáfa telur 1000 eintök en flest urðu þau 1500 í 33. útgáfu 2012. „Ég bara gef þetta út núna á fimm ára fresti,“ segir Pétur sem miðaði þessa útgáfu við 65 ára afmælið sitt í maí. „Svo býst maður alltaf við að þetta sé síðasta útgáfan því það vilji enginn kaupa þetta og bækur seljast ekkert lengur en þetta mjatlast út.“

Pétur og 500 kallinn í ánni Jórdan prýða kápuna. [500 kallinn Jón Sigurðsson, þroskaþjálfi].

> ÞEGAR ÞÚ ERT TILBÚINN UNDIR TRÉVERK OG ÉG MÁ SEGJA EINHVERJA GÓÐA GRÍNSÖGU AF ÞÉR ÞÁ VIL ÉG HALDA JARÐARFJÖR EN EKKI JARÐARFÖR.

Ekki stendur heldur á svörum hjá Pétri, og hann segist frekar tala um jarðarfjör en jarðarför, þegar hann er spurður hvort þessari orðasmíð hans fylgi ekki full mikill fíflagangur fyrir vígðan mann.

„Þegar þú ert tilbúinn undir tréverk og ég má segja einhverja góða grínsögu af þér þá vil ég halda jarðarfjör en ekki jarðarför þannig að ég segi einhverja grínaktuga sögu og það léttir lundina í kirkjunni.“

Og þar með reynist fjandinn laus: „Svo er spurning hvort þú ætlir að láta grilla eða grafa? Ertu búinn að ákveða það? Svo er það búkarest. Hvar ætlarðu að setja restina af búknum? Fer það á Öskuhauginn [nýji grafreiturinn frá 2009 fyrir öskuker í Öskjuhlíðinni sem kallast Sólland. Nokkurt haugalag er á reitnum] við Öskuhlíðina? [hlíðin sem hallar að öskuhaugnum í Öskjuhlíðinni].

Beint á bálið

Pétur segir íslenskuna bjóða upp á svo mikinn leik og varar eindregið við þeirri helstefnu sem fer gegn tvíræðni orða og margræðri merkingu þeirra. „Bókin er komin í allar betri bókaverslanir og eflaust einhverjar verri líka því rétttrúnaðurinn getur náttúrlega sótt mig til saka fyrir fordóma gagnvart alls konar minnihlutahópum. Þetta eru mjög viðsjárverðir tímar,“ segir Pétur og vísar til varnagla sem hann slær í formála bókarinnar:

„Ef einhver orð eru ekki samkvæmt rétttrúnaði sumra, teljast vera á mörkum og hneyksla fólk, þá er um að gera að fara með bókabrennu hið fyrsta. Ekki taka þig allt of alvarlega – þú kemst hvort sem er ekki lifandi frá lífinu.“

Hrein samviska

Presturinn leggur áfram út af formálanum. „Mér finnst þau fræði öllsömul mjög slæm, að það megi ekki leika sér og að allir eigi að vera staðlaðir í sama mót og enginn megi vera öðruvísi. Ég kalla þetta líka bullbókina og ég er alveg tilbúinn að fá á mig hvað sem er vegna þess að þetta er bara gert í gríni og léttleika með alveg hreinni samvisku og ég vil ekki neinum illt, slæmt eða vont.“ **toti@frettabladid.is**

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

Pizza Hut

BROSTU ALLAN HRINGINN 40% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM CHEESY CRUST PIZZUM Á NETINU ALLA

ÞRIÐJUDAGA

PANTAÐU Á WWW.PIZZAHUT.IS OG NOTAÐU AFSLÁTTAR-
KÓÐANN **OSTUR** ÞEGAR ÞÚ KLÁRAR PÖNTUNINA

Cheesy CRUST

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 | RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is | AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is | PRENTUN Torg ehf. | DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Á að fara í útilegu?
Um 40 tjaldsvæði fyrir alla fjölskylduna
utilegukortid.is
ÚTILEGU KORTIÐ

BAKÞANKAR

Hauks Arnar Birgissonar

Samúðarkveðjur

Ég hef áður nefnt það á þessum vettvangi hvað mér finnst samfélagsmiðlaæði landans hafa skemmt mikið fyrir hefðbundnum samskiptum fólks og vandaðri umræðu. Athugasemdakerfin eru jafnan full af gífuryrðum, skrifuðum í hástöfum með að minnsta kosti fjórum upphrópunarmerkjum!!!!

Ekki hefur ástandið batnað frá því ég byrjaði að kvarta. Hver samfélagsmiðillinn á fætur öðrum ryður sér til rúms og fyrr en varir hættum við að tala saman, augliti til auglits. Sjálfur tek ég auðvitað þátt í þessu rugli en takmarka þó notkunina við Facebook og Instagram. Hef ekki hætt mér í fleiri samskiptamáta.

Börnin manns fara auðvitað ekki varhluta af app-æðinu. Eðlilega vilja þau vera „memm“. „Allir vinir mínir eru með þetta í símanum sínum,“ hrópa þau í kór. Maður gerir sitt besta til að verjast. Ég ætla hins vegar ekki að kvarta yfir eigin hlutskipti þessa dagana. Hugur minn liggur hjá annarri starfsstétt en okkur foreldrum.

Í gær bárust af því fréttir að einn vinsælasti samfélagsmiðillinn, TikTok, sé í raun eitthvað njósnaforrit frá Kína. Notendur appsins eru tæplega milljarður einstaklinga, mestmegnis unglingar. Fréttir benda því til þess að verið sé að fylgjast náið með hegðun mörg hundruð milljóna unglinga um allan heim. Víkur þá sögunni að samúð minni, sem liggur þó ekki hjá notendum forritsins.

Ég get varla ritað þessi orð, án þess að tárast yfir örlögum þeirra þúsunda kínversku leyniþjónustumanna sem nú sitja límdir við tölvuskjái sína í neðanjarðarhvelfingu undir Torgi hins himneska friðar, tilneyddir að hámhorfa á milljónir dansmyndbanda, allt í þeirri von að komast á snoðir um innanríkisleyndarmál vestrænna þjóða. Ólíkt er gæðunum skipt.

Fyrir svanga ferðalanga
Kvikk ON THE GO | ORKAN

CLEAN BCAA 330 ML
199 KR/STK
603 KR/L

Kvikk ON THE GO | ORKAN

HEIMA ER BEST
VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR
FRÍR FLUTNINGUR* UM ALLT LAND
*NEMA ÚTSÖLUVÖRUR
KYNNTU ÞÉR VÖRUÚRVALIÐ OG VERSLAÐU Í RÓLEGHEITUM Í VEFVERSLUN OKKAR
VEFVERSLUN svefnogheilsa.is
★ GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ ★

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eða breytingar.

NÝ SENDING AF SÆNGUM BY BRINKHAUS

ÚRVAL AF SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

PRESTON Svefnsófi
Verð áður ~~kr. 249.900~~
NÚ AÐEINS KR. 224.910

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEILSUDÝNUM

20-50% AFSLÁTTUR
NÝTT OUTLET
Gerðu frábær kaup
20-50% AFSLÁTTUR



Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.

UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.

Svefn & heilsa ★★★★★

BALDURSNES 6 - AKUREYRI

LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233 | BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150 | OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16
UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstaðir